# FRÉTTABLAÐIÐ

162. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. JÚLÍ 2018




Fagnaðarlæti brutust út við Chiangrai Prachanukroh-sjúkrahúsið í Taílandi þegar drengirnir úr knattspyrnuliðinu Wild Boars voru fluttir þangað í gær. Björgunaraðgerðum í hellinum í Chiang Rai-héraði í norðurhluta Taílands lauk í gær. Drengirnir tólf auk þjálfara þeirra eru heilir á húfi. Heimsbyggðin fylgdist með aðgerðum undanfarna daga. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/GETTY

# Mjúk útganga komi sér betur fyrir Ísland

**Þorsteinn Pálsson segir áframhaldandi veru Bretlands á innri markaðnum og í tollabandalaginu eftir útgöngu úr ESB besta kost fyrir hagsmuni Íslendinga. Íhaldsflokkurinn logar í deilum vegna nýsamþykktrar stefnu ríkisstjórnar Theresu May og áhrifafólk segir af sér.**

**BRETLAND** Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og nefndarmaður í samninganefnd Íslendinga í aðildarviðræðunum við ESB, segir að það yrði besta niðurstaðan fyrir Ísland að Bretar yrðu áfram í tollabandalaginu og/eða innri markaðnum eftir útgönguna úr Evrópusambandinu. „Þannig að EES-samningurinn héldist óbreyttur,“ segir Þorsteinn.

Hins vegar segir hann erfitt að sjá hvernig fer. „Bretar eru búnir að eyða tveimur árum í að slást innbyrðis og reyna að semja við sjálfa sig. Þeim hefur ekki einu sinni tekist það. Ég held að Evrópusambandið muni leggja sig mikið fram um að ná samningi. Það er heldur ekki góð staða fyrir ESB ef Bretar fara og það verður enginn samningur,“ segir Þorsteinn.

Hann segir stefnuna í útgöngumálinu sem ríkisstjórn Theresu May samþykkti á fundi á föstudag ólíklega geta orðið samningsniðurstöðu. Hún sé byggð á mikilli óskhyggju eða draumsýn. Í henni er kveðið á um að binda enda á frjálsan flutning fólks innan EES og frelsi til gerðar fríverslunarsamninga auk þess að eiga áfram aðild að innri markaðnum. Líklegt þykir að samninganefnd ESB undir forystu Michels Barnier myndi fara fram á umtalsverðar málamiðlanir.

> Það fer mjög mikið eftir því hvort Bretar yrðu áfram í tollabandalaginu eða innri markaðnum, sem augljóslega væri besta niðurstaðan fyrir okkur.
>
> Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra



Þorsteinn segir að kenna megi plagginu sem samþykkt var á föstudag við „mjúkt“ Brexit en að það sé einfaldlega óraunsætt að stefnan gangi upp gagnvart öðrum bandalagsþjóðum. Þá hafi „hægri öfgaarmurinn í flokknum“ snúist gegn stefnunni.

Tveir varaformenn breska Íhaldsflokksins sögðu af sér í gær vegna þeirrar stefnu. Varaformennirnir, Maria Caulfield og Ben Bradley, sögðu að með stefnunni væri May að færa Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, lykilinn að forsætisráðuneytinu á silfurfati. Áður höfðu þrír ráðherrar sagt af sér.

Ýmsir í Íhaldsflokknum vilja svokallaða „harða“ útgöngu sem felur í sér að Bretar yfirgefi innri markaðinn og tollabandalagið alfarið og semji sjálfir um nýja fríverslunarsamninga. Staða forsætisráðherrans er því erfið. **– þea**

## Ný félagslið, trúlofun og djammferðir

**LÍFIÐ** Strákarnir okkar tóku sér flestir verðskuldað frí eftir heimsmeistaramótið og hafa dundað sér við ýmislegt síðan mótinu lauk. Gylfi Þór trúlofaði sig á Bahamaeyjum og Hannes samdi við nýtt lið í Aserbaídsjan. Heimir Hallgrímsson fór heim til Vestmannaeyja og dæmdi á Orkumótinu. Jóhann Berg, Sverrir Ingi, Rúrik, Alfreð og fyrirliðinn Aron Einar fóru til Miami á djammið, þar sem þeir hittu fyrir Jamie Foxx. **– bb** / sjá síðu 20



## Vildi stærri hlut til Íslendinga

**VIÐSKIPTI** Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, hefði viljað að Kaupþing, sem seldi um fjórðungshlut í bankanum í nýafstöðnu útboði, hefði úthlutað íslenskum fjárfestum stærri hlut. Fengu þeir aðeins að kaupa samanlagt nærri þriðjung af þeim hlut sem var seldur.

„Það skal viðurkennast að þetta hefur truflað viðskiptasambönd bankans eitthvað en ég vil nú ekki segja að við höfum misst viðskiptavini frá okkur. En ég hef rætt þessi mál nokkuð við suma viðskiptavini og því miður er þetta neikvæður vinkill á annars mjög vel heppnuðu og árangursríku útboði,“ segir hann.

Höskuldur telur að útboðsferlið nýtist við sölu á hinum bönkunum en að hans mati mun sú vegferð taka tíu ár. **– hae** / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Formaður Fíh segir að mennta þurfi fleiri hjúkrunarfræðinga. 9

**SPORT** Fótboltinn er mögulega á leiðinni heim á enska grundu. 10

**MENNING** Hjörtur Magnússon er höfundur skáldsögunnar Meistararnir. 16

**LÍFIÐ** Nýtt myndband við smellinn Hætti ekki, þar sem KBE-strákarnir bregða sér í rokkgírinn. 22




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðlæg átt en sunnan 13-18 m/s á norðanverðu Snæfellsnesi um tíma í morgunsárið. Dálítil rigning eða súld sunnan- og vestanlands en víða bjartviðri um landið norðaustanvert. SJÁ SÍÐU 14

# Sirkustjaldið reist



Jökla, tjald Sirkuss Íslands, er risið í Vatnsmýrinni en frumsýning verður á föstudaginn. Sirkusfólk hyggst bjóða upp á nýtt efni í bland við gamla smelli og má meðal annars sjá loftfimleikafólk og trúða leika listir sínar. Einnig verður sýnt á Akureyri í byrjun ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Enn hástökk í freyðivínssölu

**VERSLUN** Sala á freyðivíni og kampavíni jókst um ríflega 25 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Frá árinu 2016 hefur sala þessara víntegunda aukist um 58 prósent. Salan hrapaði eftir hrun og fór lægst niður í samtals 94 þúsund lítra árið 2009. Ef svo fer sem horfir verður salan á þessu ári um 200 þúsund lítrar. Það samsvarar um 266 þúsund flöskum á tæplega 350 þúsund íbúa landsins.

Sala á hvítvíni minnkaði um 3,4 prósent í maí og júní miðað við í fyrra. „Stundum er talað um að sala á hvítvíni endurspegli veðrið en ég held það sé óvísindalegt,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir hjá ÁTVR. **– gar**





Farvegurinn ofan ármóta við Tálma og Kattarfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Gefa leyfi fyrir líf laxanna í Hítará

**UMHVERFISMÁL** Stangaveiðifélag Reykjavíkur heitir því að veiðimenn sem sleppa veiddum löxum í Hítará fái veiðileyfi næsta sumar.

SVFR vísar til skriðunnar sem féll í Hítardal. „Þó áhrif skriðunnar séu ekki að fullu kunn má ljóst vera að hún kann að hafa áhrif á laxagengd og hrygningu, þó vonir allra standi til þess að þau verði sem allra minnst,“ segir í frétt félagsins sem mælist til þess að öllum fiski verði sleppt.

Gefin verða fimm veiðileyfi.

„Lax heldur áfram að ganga í Hítará og er stórstreymi nú 15. júlí, sem að öllu jöfnu skilar stærstu göngu sumarsins inn í ána. Þeir laxar ganga upp í ána alla leið að Ármótum, og mögulega inn í hinn nýja árfarveg.“ **– gar**




# Kvennaleikirnir beint ofan í undanúrslit HM

**Níunda umferð Pepsi-deildar kvenna hófst í gær. Þar af voru tveir stórleikir. Þeir fóru fram á sama tíma og fyrri undanúrslitaleikurinn á HM. Leikmenn segja þetta undarlegt fyrirkomulag. KSÍ segir erfitt að koma öllum leikjum fyrir á sumrin.**

**ÍÞRÓTTIR** Fjórir leikir í Pepsi-deild kvenna fóru fram í gær á sama tíma og undanúrslitaleikir á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Liðsmenn undrast þessar tímasetningar og telja ólíklegt að slíkt myndi gerast hjá körlunum í efstu deild.

Níunda umferðin í Pepsi-deild kvenna hófst í gær með tveimur risaleikjum. Annars vegar leik Breiðabliks og Vals, sem sátu í fyrsta og þriðja sæti deildarinnar, og hins vegar leik Þórs/KA og Stjörnunnar, sem voru í öðru og fjórða sæti.

Arna Sif Ásgrímsdóttir, einn reyndasti leikmaður Þórs/KA sem á titil að verja á Íslandsmótinu að þessu sinni, segir þessa tímasetningu undarlega. „Ég held að við getum öll verið sammála því að þessi tímasetning á þessum leik er alveg fáránleg og þetta myndi aldrei sjást, að leikir í Pepsi-deild karla yrðu settir á sama tíma og undanúrslit á heimsmeistaramóti,“ segir Arna Sif.

„Það er svo oft sem eitthvað svona gerist að maður er næstum því hættur að pirra sig á þessum hlutum og lætur þetta bara yfir sig ganga,“ bætir hún við.

Hið sama er að segja úr herbúðum Stjörnunnar. „Í fyrsta lagi langar mig að horfa á leikinn. Þetta er glatað en ég er búin að taka svo marga slagi í þessu að ég reyni að ýta orkunni í eitthvað annað, sem er þessi leikur. Hann skiptir öllu máli fyrir okkur,“ segir Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar.

„Þetta myndi ekki gerast hjá körlunum. Við sjáum það að leikur FH og Grindavíkur var færður í hádegið til að vera ekki á sama tíma og heimsmeistaramótið,“ segir Ásgerður jafnframt.

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, segir erfitt að koma öllum leikjum fyrir á stuttu sumri þannig að leikirnir og HM skarist ekki.

„Það eru leikir alla daga og það er flókið að koma þessu öllu saman fyrir. Þetta eru vissulega stórir leikir á HM og við reynum hvað við getum að láta þetta ekki skarast,“ segir Birkir. „Það hefur enginn frá félögunum haft samband við okkur og óskað eftir breytingum. Mótafyrirkomulagið er gefið út með góðum fyrirvara og HM-planið er einnig þekkt fyrirfram.“

**sveinn@frettabladid.is**



Úr leik Þórs/KA og Stjörnunnar í gær. Hann fór 3-1. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Þetta myndi ekki gerast hjá körlunum. Við sjáum það að leikur FH og Grindavíkur var færður í hádegið til að vera ekki á sama tíma og heimsmeistaramótið.**



Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, fyrirliði meistaraflokks kvenna í Stjörnunni


KJARABÍLAR
ENGINN BIÐTÍMI!
TIL AFHENDINGAR
STRAX!
GERÐU GÓÐ
KAUP
Glæsilegir bílar á
einstaklega góðum kjörum
á www.bl.is í sumar
NISSAN QASHQAI
Tekna, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 4.790.000 kr.
Listaverð: 5.190.000 kr.
ÞÚ SPARAR
400.000 kr.
RENAULT MEGANE SP. TOURER
Zen, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 2.990.000 kr.
Listaverð: 3.250.000 kr.
ÞÚ SPARAR
260.000 kr.
HYUNDAI i30
Style, bensín, sjálfskiptur.
Sérkjör: 3.731.200 kr.
Listaverð: 4.240.000 kr.
ÞÚ SPARAR
508.800 kr.
MINI COUNTRYMAN
Fjórhjóladrifinn, Plug-In-Hybrid, ssk.
Sérkjör: 6.290.000 kr.
Listaverð: 6.995.000 kr.
ÞÚ SPARAR
705.000 kr.
SUBARU OUTBACK
LUX, Fjórhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 5.890.000 kr.
Listaverð: 6.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR
400.000 kr.
NISSAN NAVARA
Tekna, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 6.690.000 kr.
Listaverð: 7.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR
600.000 kr.
HYUNDAI TUCSON
Premium, fjórhjóladrifinn, dísil, beinsk.
Sérkjör: 5.290.000 kr.
Listaverð:6.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR
1.000.000 kr.
Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.
ENNEMM / SÍA / NM89046
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Vantar karla í ráð borgarinnar til að jafnréttislögum sé framfylgt

**JAFNRÉTTISMÁL** Í þremur af sex fastaráðum Reykjavíkurborgar sitja fimm konur og tveir karlar. Lög um jafna stöðu kvenna og karla kveða á um að hlutfall í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélaga eigi að vera sem jafnast. Oddviti Vinstri grænna í borginni telur mikilvægt að allir flokkar í borgarstjórn leggist yfir málið að loknu sumarfríi.

„Auðvitað á hlutfall kynja í ráðum og nefndum að vera sem jafnast eins og lög gera ráð fyrir. Staðan er hins vegar sú að eftir kosningar eru konur í meirihluta í borgarstjórn. Svo að borgarfulltrúar uppfylli starfsskyldur sínar þurfa þeir að taka að sér ríflega tvö ráð þannig að í mörgum tilfellum eru konurnar orðnar fleiri þó víða sé líka jafnt,“ segir Líf Magneudóttir, oddviti VG.

„Á síðasta kjörtímabili pössuðum við upp á þetta og skiptum út til að jafna kynjahlutföll eins og við gátum. Nú er þetta aðeins flóknara í ljósi fjölgunar borgarfulltrúa og breytts vinnufyrirkomulags þannig að ég held að borgarstjórn þurfi að skoða þetta í heild þegar hún kemur úr sumarfríi. Það er á ábyrgð allra flokka að uppfylla jafnstöðulögin svo fremi því verði við komið.“

Ráðin sem um ræðir, þar sem farið á svig við jafnréttislög, eru mannréttinda- og lýðræðisráð, umhverfis- og heilbrigðisráð og velferðarráð. Jafnari skipting er í íþrótta- og tómstundaráði, skipulags- og samgönguráði og skóla- og frístundaráði.

Í lögum um jafna stöðu karla og kvenna segir að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40 prósent þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Jafnréttisstofa annast eftirlit með að lögum þessum sé framfylgt. – **sa**



**Fimmtán konur voru kosnar til setu í borgarstjórn í maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIRWW

## Afkoma VÍS enn lakari en spá félagsins

**VIÐSKIPTI** Afkoma Vátryggingafélags Íslands á öðrum ársfjórðungi verður tæplega 1,1 milljarði lakari en upphaflega var gert ráð fyrir í afkomuspá.

VÍS sendi frá sér í gær uppfærða afkomuviðvörun þar sem fram kemur að í stað 92 milljóna króna hagnaðar fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi verði tap upp á 300 milljónir króna. Þetta er önnur afkomuviðvörun VÍS vegna ársfjórðungsins en 20. júní tilkynnti félagið að hagnaður á tímabilinu yrði 92 milljónir í stað 792 milljóna. Munurinn á upphaflegu spánni og afkomunni verður því 1.092 milljónir króna.

Í afkomuviðvörun VÍS segir að stærsta frávikinu valdi óhagstæð þróun á verðbréfamörkuðum síðustu dagana í júní eftir að félagið sendi út síðustu afkomuviðvörun í júní en þá var meginorsökin tjónaþungi og brunatjón í Perlunni.

Hagnaður félagsins á fyrri helmingi ársins nemur um 600 milljónum króna fyrir skatta. – **þfh**

## Ljósmæður og ríkið funda í dag

**KJARAMÁL** Fundur samninganefnda ljósmæðra og ríkisins fer fram í dag klukkan tvö. Unnið hefur verið að tillögum að breyttu vinnufyrirkomulagi ljósmæðra til að liðka fyrir viðræðum. Sú útfærsla verður kynnt ljósmæðrum í dag.

Síðasti fundur í kjaradeilunni var á fimmtudaginn í síðustu viku, en þá kom hópur fólks saman fyrir framan skrifstofu Ríkissáttasemjara til að sýna ljósmæðrum samstöðu í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. – **ósk**

# Skipan dómstóla í Póllandi veki hugrenningatengsl við Ísland

**Formaður Dómarafélagsins segir afskipti pólskra stjórnvalda af hæstarétti landsins vekja óheppileg hugrenningatengsl við Ísland. Stjórnvöld verði að axla ábyrgð ef áfellisdómur fellur hjá Mannréttindadómstólnum vegna ólögmætrar skipanar dómara við Landsrétt. Orðspor dómskerfisins á Íslandi sé í húfi.**

**DÓMSTÓLAR** „Þótt ég vilji ekki jafna því saman sem gerst hefur hér á landi og stöðu dómstóla í Póllandi og Tyrklandi, þá eru auðvitað viss líkindi, sérstaklega með Póllandi, sem vekja með manni ákveðin hugrenningatengsl,“ segir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður Dómarafélags Íslands, um líkindi umdeildra afskipta pólskra stjórnvalda af skipun hæstaréttar landsins er fjölda dómara var vikið úr dómstólnum og nýir skipaðir í staðinn.

Í aðsendri grein í blaðinu í gær varpar Vilhjálmur Vilhjálmsson lögmaður upp áleitnum spurningum um líkindi með þeirri réttaróvissu sem ríkir í Póllandi og skipan dómara í Landsrétt hér á landi, sem Hæstiréttur dæmdi ólögmæta.

Pólsk stjórnvöld hafa undanfarið sætt harðri gagnrýni vegna málsins og framkvæmdastjórn ESB hefur þegar vísað málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

Í umfjöllun um málið á alþjóðavettvangi hefur verið vísað til réttaróöryggis vegna óvissu um gildi þeirra dóma sem nýju dómararnir við hæstarétt Póllands munu dæma. Þó að MDE geti ekki fellt dóma úr gildi, heldur eingöngu kveðið upp úr um hvort skipan dómsins brjóti í bága við Mannréttindasáttmálann, lýtur röksturnefnið til Mannréttindadómstólsins vegna Landsréttarmálsins að þeirri sömu réttaróvissu og ríkir í Póllandi. Það er, hvort þeir dómar Landsréttar sem dæmdir hafa verið af dómurum sem skipaðir voru með ólögmætum hætti samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar frá því í fyrra, geti talist í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð.



**Vilhjálmur Vilhjálmsson krafðist þess fyrir Landsrétti að Arnfríður Einarsdóttir viki sæti í máli skjólstæðings hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Landsréttarmálið fær flýtimeðferð hjá MDE sem svaraði kvörtuninni og óskaði viðbragða frá íslenskum stjórnvöldum, með vísan til þess að málið væri mögulega fordæmismál.

„Hvernig dómstóllinn bregst við og hvernig hann hefur brugðist við fram til þessa, varpar ljósi á hve alvarlegt málið er og sýnir hvernig afskipti framkvæmdarvaldsins hafa verið með skipun dómara sem er áhyggjuefni,“ segir Ingibjörg. Hún ítrekar þó að dómstóllinn geti ekki fellt dóma úr gildi.

„En ef kveðinn yrði upp áfellisdómur yfir þessari meðferð framkvæmdarvaldsins er auðvitað ekkert annað í stöðunni en að axla ábyrgð á því,“ segir Ingibjörg.

Hún segir orðspor íslenska dómskerfisins í húfi. „Þetta er auðvitað vandi okkar í hnotskurn. Það er svo erfitt að byggja upp traust ef við getum ekki skapað varanlegan frið um hluti eins og skipan dómara. Og það er okkar innanlandsvandi sem nú vekur athygli út fyrir landsteinana.“ **adalheidur@frettabladid.is**



### Vísað til rússneskra fordæma frá Mannréttindadómstólnum

Í erindi Mannréttindadómstólsins til íslenskra stjórnvalda er vísað til fyrri fordæma dómsins. Meðal annars til dóms í máli Ilatovskiy gegn Rússlandi frá 2009 en í niðurstöðu þess máls segir að skilyrði Mannréttindasáttmálans um að skipun dómstóla skuli ákveðin með lögum, taki ekki eingöngu til þess að dómstólar séu settir á laggirnar með lögum heldur einnig til lögmætis skipunar dóms í hverju máli fyrir sig. Í málinu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tveir dómarar í máli þess sem kvartaði hefðu ekki verið skipaðir með lögmætum hætti og þar af leiðandi gæti dómstóllinn ekki fallist á að skipan dómstólsins sem dæmdi mál hans væri ákveðin með lögum, eins og 6. gr. sáttmálans mælir fyrir um.

SUMARTILBOÐ Á
CHEROKEE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐ AUKAHLUTAPAKKI
AÐ VERÐMÆTI
860.000 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ
VERÐ 6.690.000 KR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8" SKJÁR, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.
Jeep
THERE'S ONLY ONE



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.JEEP.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST


„Alla mína ævi var ég algerlega háð gleraugum og linsum“
Alla mína ævi fyrir aðgerðina hjá Augljósi var ég algerlega háð gleraugum og linsum enda með mjög mikla sjónskekkju og fjarsýni. Eftir frábærlega vel heppnaða aðgerð er ég alveg laus við gleraugu og linsur, sem ég hélt að yrði aldrei raunin.
Sara Kristín Sigurkarlsdóttir
AUGLJOS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR
Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • Sími 414 7000 • augljos@augljos.is • www.augljos.is

# Allir þrettán út úr hellinum heilir á húfi

**Björgunaraðgerðum í hellinum í Chiang Rai-héraði í norðurhluta Taílands lauk í gær. Allir drengirnir tólf úr knattspyrnuliðinu Wild Boars auk þjálfara þeirra eru heilir á húfi. Þeir verða í einangrun á sjúkrahúsi þar í landi í að minnsta kosti viku.**

**TAÍLAND** Síðustu fjórum drengjunum og þjálfara þeirra var í gær bjargað út úr hellinum í Chiang Rai-héraði í Taílandi þar sem þeir dvöldu í átján daga. Björgunaraðgerðir gærdagsins gengu vel þrátt fyrir að töluvert rigndi á svæðinu.

Allir drengirnir tólf og þjálfari þeirra eru nú á spítala í héraðinu þar sem þeim verður haldið í einangrun í að minnsta kosti viku af ótta við sýkingarhættu. Foreldrar þeirra drengja sem fyrst var bjargað hafa fengið að sjá og tala við þá í gegnum gler. Það er því ljóst að þeir verða ekki viðstaddir úrslitaleik HM sem fram fer næstkomandi sunnudag.

Þar með lýkur gríðarlega umfangsmiklum björgunaraðgerðum sem staðið hafa yfir frá því að drengirnir fundust fyrir rúmri viku. Lát taílenska kafarans Saman Kunan varpaði ljósi á hversu hættulegar aðstæður björgunaraðilar unnu við. Sá atburður er jafnvel talinn hafa breytt nálgun björgunaraðila að aðgerðunum.

Mikill fögnuður braust út á svæðinu þegar björgun síðasta hópsins var staðfest af sérsveit taílenska sjóhersins sem stýrt hefur aðgerðum. Þá hafa ýmsir þjóðarleiðtogar fagnað farsælli björgun drengjanna og hrósað björgunaraðilum í hástert.

sighvatur@frettabladid.is



**Skólafélagar biðja fyrir björgun hópsins úr hellinum. Þótt drengjunum hafi verið bjargað verður einhver bið á því að þeir fari aftur í skólann.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Haraldur Briem, yfirlæknir á sviði sóttvarna hjá Landlæknisembættinu



„Þeir virka nokkuð hressir á þeim myndum sem birst hafa. Þetta hefur reynt mikið á þá en þeir ættu að geta jafnað sig þótt það taki tíma. Ef súrefni hefur verið takmarkað getur það haft áhrif á þá. Gæði drykkjarvatnsins er líka lykilatriði, hversu hreint vatnið var sem þeir höfðu aðgang að.“

## Jónas Karl Þorvaldsson, sviðsstjóri köfunar hjá Landhelgisgæslunni



„Í fyrsta lagi er það gríðarlegt afrek að hafa náð að bjarga drengjunum á lífi. Ég held að þetta sé samansafn af mestu sérfræðingum í heimi á þessu sviði. Það er líka ótrúlegt afrek hjá drengjunum að hafa getað þetta. Þeir hafa sýnt mikla ró og verið sterkir við gríðarlega erfiðar aðstæður.“

## Andrea Sompit Siengboon, aðstoðarræðismaður Taílands á Íslandi



„Taílenska samfélagið á Íslandi hefur fylgst mjög vel með fréttum af drengjunum. Við horfum á útsendingar í gegnum Youtube og skoðum taílensk blöð á netinu. Við tölum mikið saman um þetta.

Mér líður mjög vel með að það sé búið að bjarga þeim öllum. Við erum þakklát fyrir allan stuðninginn sem veittur var til björgunarinnar. Þetta var mjög erfitt og ég svaf ekki vel. Þegar Íslendingar tala um mikla rigningu segi ég að þeir þyrftu að fara í einn dag til Taílands á monsúntímabilinu. Þá viti þeir hvað mikil rigning sé.

Þjálfari drengjanna er búinn að hjálpa mikið og hefur látið þá stunda íhugun. Það er ekki hægt að kenna honum um þetta. Hann tekur þetta sennilega allt á sig, þetta er mjög erfitt fyrir hann.“

## Elín Jónasdóttir, sjálfstætt starfandi sálfræðingur sem hefur starfað á vegum Rauða kross Íslands og Alþjóðasambands Rauða krossins á hamfarasvæðum



„Svona atburðir hafa mikil áhrif. Það skiptir miklu máli að þeir hafi allir komist út heilir á húfi. Það getur tekið langan tíma fyrir þá að jafna sig.

Í framhaldinu er mikilvægt að þeir upplifi eins mikið öryggi og umhyggju og hægt er. Flestir ná að jafna sig á svona atburðum en einhverjir gætu þróað með sér áfallastreituröskun, kvíða og fælni gagnvart innilokun. Þeir þurfa að fá að tala um þetta og vinna úr þessu.

Það eru ákveðnir hlutir sem eru sammannlegir en menningin skiptir líka máli þegar kemur að því hvernig stuðningur er í boði. Það skiptir björgunaraðila líka mjög miklu að svona vel hafi tekist til, þótt einn kafari hafi vissulega látið lífið.“



**Rannsóknarskipið Seabed Worker.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Fjársjóðsleit lokið að sinni

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Umhverfisstofnun fékk í gær tilkynningu frá fjársjóðsleiðangrinum yfir flaki SS Minden um að hann væri að undirbúa sig til þess að yfirgefa framkvæmdasvæðið. Ekki hafi verið óskað eftir frekari tíma til framkvæmda.

Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir framkvæmdaraðilann hafa sagt að gildistími starfsleyfisins, sem rann út í gær, hefði verið framlengdur til 1. október. Því gæti hann óskað eftir að snúa aftur á svæðið.

Agnar segir að þá myndi þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar til að hefja aftur framkvæmd og stofnunin að taka afstöðu til þess. Að verkinu loknu þurfi síðan að skila skýrslu til stofnunarinnar. **– gar**

# Greiðslubyrði fjölskyldna hér á landi hefur minnkað

**EFNAHAGSMÁL** Greiðslubyrði um helmings fjölskyldna á Íslandi er undir tíu prósentum af ráðstöfunartekjum þeirra, sem verður að teljast afar lágt. Aðeins sjö prósent fjölskyldna á Íslandi voru með háa greiðslubyrði, eða yfir 60 prósent af ráðstöfunartekjum fjölskyldunnar í hverjum mánuði. Á síðustu fjórum árum hefur fjölskyldum með lága greiðslubyrði fjölgað.

Þetta kemur fram í nýjum hagtíðindum Hagstofu Íslands í bráðabirgðaniðurstöðum um skuldir og greiðslubyrði fjölskyldna á Íslandi á árunum 2015 til 2018. Niðurstöðurnar eru hluti af rannsókn Hagstofu um skuldir heimila sem stjórnvöld fyrirskipuðu.

Í hópi fjölskyldna með lága greiðslubyrði eru meðal annars þeir sem eiga annaðhvort skuldlausa fasteign eða eiga ekki fasteign. Sex af hverjum tíu fjölskyldum með mjög lága greiðslubyrði eiga ekki fasteign. Einnig er mikill munur á greiðslubyrði fjölskyldna eftir því hvort börn eru í fjölskyldunni. Sex af hverjum tíu fjölskyldum án barna eru með lága greiðslubyrði. Ástæða þess gæti verið sú að hjón með börn eru líklegri til að búa í stærra húsnæði. Hjón án barna eru svo að einhverju leyti fullorðin hjón sem hafa greitt skuldir sínar og börnin eru flogin úr hreiðrinu.



**Hópur ungs fólks með neysluskuldir fer stækkandi. Umboðsmaður skuldara hefur áhyggjur og vill skoða þann hóp gaumgæfilega.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**7%**

**fjölskyldna á Íslandi eru með háa greiðslubyrði.**

Þrátt fyrir að vel gangi almennt í íslensku efnahagslífi og að í heildina batni lífskjör íslenskra fjölskyldna eru enn margir sem eiga í erfiðleikum. Í júní bárust umboðsmanni skuldara 94 umsóknir um úrræði. Þar af eru 28 um greiðsluaðlögun.

Þar sem greiðslubyrði er aðeins reiknuð út frá skuldum og tekjum getur það ekki sagt alla söguna. Til að mynda getur fjölskylda á leigumarkaði skuldað lítið og af þeim sökum haft lága greiðslubyrði vegna skulda. Hins vegar geta tekjur hennar ekki nægt fyrir útgjöldum vegna leigu og annars kostnaðar.

„Þetta rímar við það sem við sjáum í okkar skjólstæðingahópi,“ segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. „Meirihlutinn sem kemur til okkar er fólk sem er á leigumarkaði sem nær ekki endum saman. Eftir hrun var fólk að koma með fasteignalán en sá hópur hefur minnkað. Hins vegar er áhyggjuefni að sjá að hópur ungs fólks með neysluskuldir er að stækka og þurfum við að skoða þann hóp gaumgæfilega.“

Algengast í gögnunum eru að hjón án barna séu með skuldastöðu undir 50 prósentum af ráðstöfunartekjum. Hjón með börn hins vegar eru líklegri til að vera með skuldastöðu sem nemur einföldum til þreföldum ráðstöfunartekjum á ári. **– sa**


SIRKUS ÍSLANDS
ÁRATUGUR AF SIRKUS
REYKJAVÍK - 13.-22. JÚLÍ
AKUREYRI - 3.-5. ÁGÚST
• MIÐASALA Á TIX.IS •
FÖSTUDAG KLUKKAN 17:00
LAUGARDAG KLUKKAN 14:00
SUNNUDAG KLUKKAN 14:00
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
SIRKUS.IS

# Grafið undan réttindum



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Svokallaður Roe v. Wade dómur féll í hæstarétti Bandaríkjanna árið 1973 og gerði fóstureyðingar löglegar þar í landi. Í málinu reyndi á hvort lög sem bönnuðu fóstureyðingar og voru sett af löggjafarþingi í Texas stæðust ákvæði um friðhelgi einkalífsins í stjórnarskránni. Meirihluti hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Lögin skertu um of rétt kvenna til að gangast undir fóstureyðingu. Þessi dómur hefur verið umdeildur síðan hann féll og hefur reynst þrætuepli á milli frjálslyndra og íhaldsmanna í Bandaríkjunum svo áratugum skiptir.

Nú virðist sem andstæðingar fóstureyðinga vestanhafs sjái sér leik á borði eftir að Donald Trump tilnefndi hinn hægrisinnaða íhaldsmann Brett Kavanaugh sem dómara við hæstarétt Bandaríkjanna á mánudag. Fjölmiðlar vestanhafs segja einsýnt að látið verði reyna á Roe v. Wade dóminn á allra næstu misserum verði Kavanaugh staðfestur af öldungadeildinni í embætti. Þá sé það morgunljóst að rétturinn muni færast til hægri í niðurstöðum sínum. Dómaraefnið hefur þó ekki lýst yfir afstöðu sinni til fóstureyðinga opinberlega.

Dómarar réttarins eru níu talsins. Eins og gefur að skilja hafa ákvarðanir þeirra mikið að segja um réttarfar í landinu öllu. Vægið á milli frjálslyndra dómara og íhaldssamra hefur verið nokkuð jafnt undanfarin misseri. Sá sem nú lætur af störfum, Anthony Kennedy, er alla jafna talinn íhaldssamur í skoðunum. Hann átti það hins vegar til að sveiflast í afstöðu sinni í stórum málum. Þannig dæmdi hann til að mynda með lögum um samkynja hjónabönd og fóstureyðingar.

Sjálfur hefur Trump lagst gegn fóstureyðingum, en það gerði hann opinberlega í kosningabaráttu sinni. Afar sjaldgæft er að forseti fái að velja tvo dómara á svo skömmum tíma, líkt og Trump hefur gert, en hann valdi einnig hægrisinnaðan arftaka Antonins Scalia við réttinn, stuttu eftir embættistöku. Sérfræðingar segja að Trump hafi nú gefist fágætt tækifæri til að hafa víðtæk áhrif á bandarískt réttarfar næstu árin eða áratugina.

**Sérfræðingar segja að Trump hafi nú gefist fágætt tækifæri til að hafa víðtæk áhrif á bandarískt réttarfar næstu árin eða áratugina.**

Ekki þarf að hafa mörg orð um þann sjálfsagða rétt kvenna að ráða yfir eigin líkama. Ástæður að baki því að kona vilji binda enda á meðgöngu eru fjölmargar. Ofbeldissambönd, atvinnuleysi, tímasetning, aðstæður, fjárhagur, að vilja ekki eignast börn og ýmislegt fleira getur spilað inn í þá ákvörðun. Okkur kemur það einfaldlega ekki við.

Á Íslandi búum við ekki í samfélagi sem skilgreinir frjóvguð egg sem fóstur og fóstur sem manneskju sem njóti sambærilegra réttinda og barn eða fullorðin manneskja. Sem betur fer. Ólíklegt er að slíkt afturhvarf til fortíðar verði hér á landi. En meiriháttar lagabreytingar í heimsveldi á borð við Bandaríkin hafa óneitanlega áhrif víðar en í Bandaríkjunum einum.

Svo er það hitt, að ákvarðanir og gjörðir þjóðarleiðtogans í Bandaríkjunum undanfarið gefa ekki mikið tilefni til bjartsýni í þessum efnum.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hernaðarbandalag**

**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra eru um þessar mundir í höfuðborg Belgíu á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsríkja. Í tilkynningu frá Stjórnarráðinu segir að meginefni fundarins sé meðal annars efling varnarviðbúnaðar bandalagsins. Eins og allir vita er NATO hernaðarbandalag og flokkur Katrínar, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, löngum verið lítt hrifinn af veru Íslands í því. Það var bróðir Katrínar, Sverrir, um skeið formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. Í dag búum við sum sé við það að Donald Trump er leiðtogi hins frjálsa heims og að hernaðarandstæðingar fara á leiðtogafund hernaðarbandalags.**

**Samskiptaleysi**

**Björgunarsveitir voru kallaðar út í gær vegna sjóslyss í Kópavogshöfn en þar var skúta við það að leggjast á hliðina. Fréttablaðið fékk þær upplýsingar frá slökkviliði að mikill viðbúnaður væri vegna slyssins og fólk á leið á staðinn. Tíu mínútum síðar var hins vegar búið að afturkalla öll útköll þegar í ljós kom að um æfingu var að ræða. Atvikið gæti gefið tilefni til þess að fara yfir verkferla viðbragðsaðila þegar æfing fer í hönd.**

joli@frettabladid.is

# Hjólið og listin



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Það er gaman að skokka eða hjóla eftir ótal göngu- og hjólastígum í Reykjavík þessa dagana. Það er hásumar og allur gróður í miklum blóma. Að vísu ætlar þetta að verða mikið súldarsumar hér í borginni en það gerir leiðangurinn áhugaverðari og dularfyllri. Stígarnir mynda háræðakerfi borgarinnar. Þeir tengja saman hverfi, liggja milli gatna eða samsíða þeim og tengjast oft fallegum grænum almenningssvæðum sem lúra á milli húsaraðanna. Eitt slíkt svæði er rétt við Grensáskirkju og liggur við stíg milli Háaleitisbrautar og Hvassaleitis. Þar liggur nú stór blár fugl festur í þunga keðju. Þetta er skúlptúr eftir listamanninn Þór Sigurþórsson og heitir „Kúkú tímar“.

Kannski hefur einhver vegfarandi tekið eftir stóru útgönguskilti á grasflötinni við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar. Skiltinu er stungið skáhöllu ofan í jörðina og hvít mannfigúran virðist vera á leiðinni þangað líka. Höfundur verksins er Eva Ísleifsdóttir. Hvort tveggja, blái fuglinn og þetta skrýtna skilti, er hluti af metnaðarfullri útisýningu Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Sýningin heitir Fallvelti heimsins og er hluti sýningarraðar sem hefur verið kallast Hjólið. Verk innlendra og erlendra listamanna munu þræða sig eftir göngu- og hjólastígum borgarinnar í hinum ýmsu hverfum næstu sumur. Í góðri samvinnu við borgina auðvitað. Fyrsti áfangi er Bústaða- og Háaleitishverfi. Ég mæli eindregið með því að stíga á hjól eða bregða undir sig betri fætinum og halda í leiðangur í súldinni um þetta margslungna borgarhverfi. Hægt er að nálgast upplýsingar um listamennina og staðsetningu verkanna á hjolid.is. Sýningarstjórinn H. K. Rannversson hefur svo bætt um betur með því að gera Góða hirðinn við Fellsmúla og aflagða Gróðrarstöð við Grænuhlíð að hluta sýningarinnar sem hann kallar Möguleiki lífs í rústum kapítalismans.

**Verk innlendra og erlendra listamanna munu þræða sig eftir göngu- og hjólastígum borgarinnar í hinum ýmsu hverfum næstu sumur.**

Fyrir 20 árum efndi Myndhöggvarafélagið til eftirminnilegrar útisýningar sem hét Strandlengjan. Það er tímanna tákn að nú skuli vera komið að stígakerfinu. Borgin fylgir metnaðarfullri stefnu í gerð göngu- og hjólastíga, eins og borgarbúar vita. Þeirri stefnu verður fylgt eftir af krafti næstu árin.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fjölgum starfandi hjúkrunarfræðingum



**Guðbjörg Pálsdóttir**
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa er reglulegt umfjöllunarefni fjölmiðla auk þess sem ýmsir aðilar hafa gert það að umræðuefni sínu. Allir sem að umræðunni koma eru sammála um að draga þurfi úr þessum skorti með aukinni nýliðun og leiðum til að halda hjúkrunarfræðingum í starfi. Of margir hjúkrunarfræðingar hafa hætt í starfi og eru eftirsóttir í betur launuð störf sem bjóða upp á betri vinnutíma og starfsumhverfi.

Staðreyndir í skýrslum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga (febrúar 2017), skýrslu Ríkisendurskoðunar um hjúkrunarfræðinga, mönnun, menntun og starfsumhverfi (október 2017) og nú síðast niðurstöður stórrar könnunar sem félagið gerði meðal hjúkrunarfræðinga um viðhorf, ánægju og ýmsa þætti er snerta starfið (júní 2018), staðfesta þessi atriði. Staðreyndirnar eru komnar fram, nóg hefur verið rætt. Tími lausna og framkvæmda er runninn upp.

Áðurnefnd könnun Fíh gefur skýra mynd af því sem þarf að bæta til að fá hjúkrunarfræðinga aftur í hjúkrun. Niðurstöðurnar er erfitt að hrekja þar sem rúmlega 74% starfandi hjúkrunarfræðinga svöruðu könnuninni. Um 70% hjúkrunarfræðinga eru óánægð með launakjör, tæplega helmingur þeirra taldi atvinnuhúsnæðið vera óviðunandi og 64% töldu álagið vera mjög eða of mikið í starfi svo eitthvað sé nefnt. Hjúkrunarfræðingar vilja betra starfsumhverfi, aðbúnað og launakjör og að ábyrgð og menntun í starfi sé metin að verðleikum. Það er ljóst að umbætur á þessum þáttum þurfa að vera í forgangi svo hægt sé að tryggja landsmönnum áfram góða heildstæða heilbrigðisþjónustu enda hjúkrunarfræðingar hryggjarstykkið í íslensku heilbrigðiskerfi.

Það er ánægjulegt að ennþá er aðsókn í hjúkrunarfræðinám á Íslandi. Fleiri sækja um en komast að hjá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Í ár mun einungis tæpt 41% umsækjenda fá inngöngu í hjúkrunarfræðinám. Mikið sóknartækifæri er því til staðar fyrir mennta- og heilbrigðisyfirvöld, í samvinnu við háskólana og heilbrigðisstofnanir, að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga. En fjölgun hjúkrunarfræðinema krefst aukins fjármagns frá yfirvöldum, það er ljóst.

Til þess að fjölga nemendum í hjúkrun þarf að hugsa í nýjum lausnum. Í dag er mögulegt að nota meira hátækni hermikennslu í klínísku námi sem undirbýr nemendur vel fyrir framtíðarstarfið.



Betri nýting klínískra námsplássa á heilbrigðisstofnunum út frá 12 mánuðum ársins má skoða auk þess að fjölga þeim stöðum sem sinna verklegri kennslu. Í dag eru aldraðir með flókin og fjölþætt heilbrigðisvandamál einn stærsti skjólstæðingahópur hjúkrunarfræðinga. Aldraðir þurfa t.d. í vaxandi mæli þjónustu hjúkrunarfræðinga á eigin heimili og því mætti auka þann hluta verknáms hjúkrunarfræðinga.

### Ekkert bólar á framkvæmdinni

Ljósmæður eiga nú í kjarabaráttu við hið opinbera sem gengur illa að leysa. Fíh styður fyllilega ljósmæður í sinni kjarabaráttu. Ljósmæður eru hrein kvennastétt en 98% hjúkrunarfræðinga eru konur. Á undanförnum misserum hefur ráðherrum og alþingismönnum verið tíðrætt um jöfnun kynbundins launamunar á Íslandi. Ekkert bólar hins vegar á framkvæmdinni. Ég velti fyrir mér hvort nálgun ríkisins í samningaferlinu við kvennastéttina ljósmæður gefi tóninn fyrir það sem hjúkrunarfræðingar eiga von á í komandi kjaraviðræðum. Er það svona sem ríkisvaldið ætlar að ganga fram við að jafna kynbundinn launamun? Við hverju mega hjúkrunarfræðingar búast á árinu 2019 þegar gerðardómi lýkur í mars og hjúkrunarfræðingar fagna 100 ára afmæli félagsins?

Hjúkrunarfræðingar hafa lýst alvarleika ástandsins í heilbrigðiskerfinu sem ógnvænlegu og að þeir séu að missa stjórn á aðstæðum. Heilbrigðiskerfið virðist ekki ráða við þau verkefni sem það þarf að sinna og í slíkum aðstæðum getur öryggi sjúklinga verið ógnað. Oft er skelfingarástandi á Landspítala lýst í fjölmiðlum og dregið er úr margvíslegri þjónustu vegna skorts á hjúkrunarfræðingum. Í samtali mínu við hjúkrunarfræðinga heyri ég að þeir eru langþreyttir og úrvinda eftir mikið og síaukið vinnuálag undanfarinna ára. Það eru ekki bara yngri hjúkrunarfræðingar sem velja sér annan starfsvettvang heldur líka þeir eldri. Hjúkrunarfræðingar upplifa aðgerðarleysi stjórnvalda sem algjört virðingarleysi við sig og sína skjólstæðinga. Þessi mannauður er ómetanlegur og hefur heilbrigðiskerfið ekki efni á að tapa honum frekar en nú er.

Í umræðunni undanfarið hefur verið talað um að skortur á hjúkrunarfræðingum sé alþjóðlegt vandamál. Það er vissulega rétt en bætir ekkert þá alvarlegu stöðu sem uppi er í íslensku heilbrigðiskerfi. Íslensk stjórnvöld hafa einstakt tækifæri til þess að gera betur en önnur lönd ef vilji er raunverulega fyrir hendi. Ég skora á íslensk stjórnvöld, sem þegar hafa viðurkennt vandann, að gera eitthvað í málinu nú þegar.

SLÖKKTU Á DEYFÐINNI OG
KVEIKTU Á DIRFSKUNNI




Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimur Mitsubishi fjölskyldunnar. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanrými. Háþróuð tæknin gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum hjá HEKLU.** Slökktu á deyfðinni og kveiktu á dirfskunni með nýjum Eclipse Cross. Hlökkum til að sjá þig!

**Mitsubishi Eclipse Cross**
Verð frá:
**3.990.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

## Breiðablik hélt toppsætinu í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu


Leikmenn Breiðabliks fagna sigurmarki Andreu Ránar Snæfeld Hauksdóttur í toppslag liðsins gegn Val í níundu umferð Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu í gærkvöldi. Blikar hafa eins stigs forskot á Þór/KA sem lagði Stjörnuna að velli í öðrum toppslag fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Fótboltinn mögulega á leiðinni heim á enska grundu

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið verður ekki starfhæft í dag og allra augu verða á leikmönnum enska karlalandsliðsins í knattspyrnu sem mætir Króatíu í undanúrslitum heimsmeistaramótsins í kvöld. Margir fylgismenn enska liðsins telja að fótboltinn sé að koma heim eins og þeir segja eftir 52 ára veru hér og þar um heimsálfurnar.

England varð síðast heimsmeistari árið 1966 og fór síðast í undanúrslit á Ítalíu árið 1990 þegar Þjóðverjar slógu þá úr leik í vítaspyrnukeppni. Englendingar leystu sig raunar úr álögum vítaspyrnukeppna á heimsmeistaramótum þegar liðið hafði betur gegn Kólumbíu í vítaspyrnukeppni í 16 liða úrslitum mótsins. Það var fyrsti sigur liðsins í vítaspyrnukeppni á heimsmeistaramóti eftir að hafa þrisvar sinnum verið slegið út á þann hátt.


Gareth Southgate, þjálfari enska liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY.

Króatía náði hins vegar sínum besta árangri á heimsmeistaramóti í Frakklandi árið 1998 þegar liðið hreppti bronsverðlaun. Margir telja að þetta sé síðasti möguleiki fyrir Luka Modric, lykilleikmann liðsins, til þess að lyfta heimsmeistarabikarnum. Modric, sem er 32 ára, gæti þó hæglega spilað til fertugs í hæsta gæðaflokki, slíkur er leikskilningur hans og færni með boltann.

England hefur mikið reitt sig á mörk úr föstum leikatriðum og er Harry Kane markahæsti leikmaður mótsins með sex af ellefu mörkum enska liðsins á mótinu til þessa.

Króatar hafa hins vegar dreift mörkunum sínum tíu meira á milli sín og er Luka Modric markahæsti leikmaður liðsins á mótinu með tvö mörk. **– hó**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Samuel Umtiti, miðvörður franska liðsins, sá til þess að Frakkland mun leika til úrslita á heimsmeistaramóti í þriðja skipti í sögunni.

Umtiti stangaði boltann í netið í marki belgíska liðsins eftir hárnákvæma hornspyrnu Antoine Griezmann.

Umtiti sem er 24 ára gamall leikmaður Barcelona var þarna að skora sitt þriðja landsliðsmark í 24. landsleik sínum.



Frakkland hefur einu sinni orðið heimsmeistari, en það var árið 1998 þegar liðið vann mótið á heimavelli.

**HM 2018 í Rússlandi, undanúrslit**

**Frakkland - Belgía** **1-0**
Samuel Umtiti (51.).

**Pepsi-deild kvenna**

**ÍBV - Selfoss** **1-0**
1-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir (39.).

**Þór/KA - Stjarnan** **3-1**
1-0 Ariana Calderon (22.), 2-0 Anna Rakel Pétursdóttir (49.), 3-0 Sandra María Jessen (59.), 3-1 Anna María Baldursdóttir (76.).

**FH - Grindavík** **1-0**
1-0 Úlfa Dís Kreye Úlfarsdóttir (2.).

**Breiðablik - Valur** **1-0**
1-0 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (vítaspyrna) (76.).

## HM í dag

**18.00 England – Króatía**



*Active with Kids*

# Barnakerrur

## Thule Glide 2

Handbremsa felld inn í handfangið og hægt að stjórna hraða í brekkum með því að snúa handbremsunni.

Gluggi, sem hægt er að loka, til að gæta að sofandi barninu án þess að trufla það.

**NÝTT**

Notandavænt, stillanlegt handfang sem tryggir hámarksþægindi fyrir foreldrið.

Stillanlegt skyggni með loftgötum á hliðum til að tryggja þægindi fyrir barnið.

Sæti sem halla má aftur – hægt að stilla með annarri hendinni.



Öruggt og þægilegt sæti með bólstruðu fimm punkta öryggisbelti og innfelldri loftræstingu.

**NÝTT**

Endurskinsborði á skyggni og endurskin á hjólateinum eykur sýnileika.

Hægt að leggja saman með annarri hendinni til að setja í geymslu eða fyrir ferðalög.

**NÝTT**

Læsing til að koma í veg fyrir að kerran leggist saman sjálfkrafa.

Mikið rými fyrir nauðsynlega hluti, í stórri farangurskörfu með árenndri hlíf.

Netpoki að aftan og tvö nethólf fyrir nesti eða leikföng.

Fjöðrun gerir ferðina þýða og þægilega fyrir foreldri og barn.

Stöðugt 16 tommu dekk að framan og 18 tommu að aftan tryggir áreynslulitla keyrslu.

**Stilling**

*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Hvalfjarðargöngin opnuð

**Fyrir tuttugu árum voru Hvalfjarðargöngin opnuð með miklum veisluhöldum og það þrátt fyrir að tveir menn hefðu unnið skemmdarverk á göngunum nóttina fyrir opnun.**

Það var á þessum degi fyrir 20 árum að Hvalfjarðargöngin voru opnuð með pompi og prakt, átta mánuðum fyrr en ætlað var. Rúmlega fimm hundruð manns var boðið í opnunina og þar voru flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar – eftirpartíið fyrir ráðherrana var svo heima hjá Ingibjörgu Pálmadóttur, þáverandi heilbrigðisráðherra, og fjölskyldu hennar á Skaganum. Skagaleikflokkurinn frumflutti leikverkið Akraborgarblús og veitingar voru í boði. Finnbogi Arge, sem þá var samgönguráðherra Færeyja, fékk sérstakt boð frá Halldóri Blöndal og mætti á opnunina, enda var áhugi Færeyinga á göngunum mikill.

Hvalfjarðargangahlaupið var sett klukkan 16 þennan laugardag sem göngin voru opnuð og svo voru göngin opnuð almennri umferð um klukkan 19 um kvöldið. Fyrir opnun var fólk beðið sýna biðlund og ekki endilega mæta að göngunum strax opnunarhelgina heldur frekar nýta sér að geta komist ókeypis í gegnum þau í vikunni eftir – enda var vitað að göngin myndu ekki anna allri umferðinni.

Það voru þó ekki allir svona spenntir fyrir göngunum því að tveir menn voru handteknir fyrir skemmdarverk á göngunum morguninn sem þau voru opnuð. Mennirnir skemmdu veggi, merkingar, lokanir fyrir göngin, ökutæki og fleira. Til þess notuðu mennirnir stórvirkar vinnuvélar og mat lögreglan það svo að




DV sagði nýjan kafla vera hafinn í sögu þjóðarinnar eftir þessa sögufrægu helgi.

skemmdirnar hefðu verið upp á mörg hundruð þúsund krónur. Þetta kom þó ekki í veg fyrir opnunina en hún hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist og á réttum tíma.

Á gengi ársins 1998 kostuðu göngin um 4,9 milljarða og stóðst fjárhagsáætlun í öllum meginatriðum samkvæmt Stefáni Reyni Kristinssyni, þáverandi framkvæmdastjóra Spalar hf. Eins og áður sagði var göngunum skilað fyrr en áætlað var og fékk verktakinn, Fossvirki sf., tæplega 300 milljóna króna flýtigreiðslu. Í dag hafa göngin svo borgað sig upp og fyrirtækið Spölur verið lagt niður. Sautján manns munu missa vinnuna en sumir starfsmanna fyrirtækisins hafa verið þar því allt frá byrjun.

stefanthor@frettabladid.is

---



✝

Ástkær sambýlismaður minn,
faðir, sonur, bróðir, mágur
og barnabarn okkar,

**Kristján Blöndal Jónsson**
frá Blönduósi,
búsettur í London,

lést í London 2. júlí síðastliðinn eftir harða baráttu við krabbamein. Hann verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju, föstudaginn 13. júlí, klukkan 14.00.

**Michela Fornasier**
**Patrick Zamuner**
**Sara Ósk Kristjánsdóttir Blöndal**
**Sonja Björk Fornasier Blöndal**
**Guðrún Blöndal** — **Jón Jóhannsson**
**Rúnar Örn Guðmundsson** — **Rannveig Rós Bjarnadóttir**
**Sveinbjörn Guðlaugsson** — **Inga Birna Friðjónsdóttir**
**Svava Leifsdóttir** — **Sveinbjörn Sigurðsson**
**Ingibjörg Eysteinsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---



✝

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Finnbjörn Þorvaldsson**

lést á heimili sínu mánudaginn 9. júlí.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Theodóra Steffensen**
**Björn Finnbjörnsson** — **Sigríður Aradóttir**
**Finnbjörn Finnbjörnsson** — **Kathia Rovelli**
**Þorvaldur Finnbjörnsson** — **Anna Árnadóttir**
**Sigríður Finnbjörnsdóttir** — **Halldór Hilmarsson**
**Gunnar Þór Finnbjörnsson** — **Eyrún Magnúsdóttir**
**Halldóra Svala Finnbjörnsdóttir**
**Úlfar Finnbjörnsson** — **Sigrún Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Bróðir okkar og frændi,

**Ingvar Eyjólfsson**
frá Gillastöðum,

verður jarðsunginn frá Reykhólakirkju
laugardaginn 14. júlí kl. 14.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar
og tengdamóðir,

**Ragnheiður Stefánsdóttir**

er látin. Útförin verður auglýst síðar.

**Ólafur W. Nielsen**
**Guðrún Nielsen** — **Vilmundur Guðnason**
**Ólafur K. Nielsen** — **Björg Þorleifsdóttir**
**Þorgerður Nielsen** — **Ágúst Böðvarsson**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
bróðir okkar og mágur,

**Helgi Þór Magnússon**
Ásabraut 14, Grindavík,

lést á Heilbriðgisstofnun Suðurnesja,
miðvikudaginn 4. júlí.
Útför hans fer fram frá Grindavíkurkirkju, mánudaginn 16. júlí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hjúkrunarheimilið Víðihlíð í Grindavík njóta þess. Banki 0142-26-382971, kt. 511297-2819, Heilbriðgisstofnun Suðurnesja.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Elín Magnúsdóttir** — **Sigurður Ingimarsson**
**Þuríður Magnúsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

---



✝

Ástkær frændi okkar og vinur,

**Ragnar Sigurðsson**
bóndi, Gamla-Garði, Suðursveit,

lést sunnudaginn 8. júlí á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, Höfn í Hornafirði. Útför hans verður gerð frá Kálfafellsstaðarkirkju laugardaginn 14. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

**Ættingjar og vinir hins látna.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Vagn P. Boysen**
rakarameistari,

lést í Danmörku þann 7. júlí síðastliðinn.
Útför hans á Íslandi verður tilkynnt síðar.

**Ása Hildur Baldvinsdóttir**
**Andreas Boysen** — **Dagný Ösp Vilhjálmsdóttir**
**Pétur Þór Benediktsson** — **Anna Kristín Guðmundsdóttir**
**Astrid Boysen**
**og barnabörn.**

---



✝

Þökkum samúð og hlýhug vegna
andláts og útfarar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Einöru Þyri Einarsdóttur**
Mörkinni 62,
áður til heimilis að Hlíðargerði 26,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á
Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Eggert Lárusson** — **Guðrún Sigurgeirsdóttir**
**Einar Þór Lárusson** — **Hrönn Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín og
móðursystir okkar,

**Edda Bára Guðbjartsdóttir**

lést á Landspítalanum 2. júlí sl.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju
föstudaginn 13. júlí klukkan 13.

**Ingólfur Jóhannesson**
**Grímur Atlason**
**Bergljót Nikulásdóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Birna Sigurbjörnsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést á dvalarheimilinu Lögmannshlíð
á Akureyri að kvöldi 6. júlí.
Útförin fer fram í Akureyrarkirkju,
þriðjudaginn 17. júlí klukkan 10.30.

**Berglind Svavarsdóttir**
**Hildigunnur Svavarsdóttir** — **Ögmundur H. Knútsson**
**Anna Margrét Svavarsdóttir** — **Örvar Þór Jónsson**
**Sveinn Svavarsson** — **Sigyn Sigvarðardóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir
amma og langamma,

**Sigríður Guðjónsdóttir**
Merkigerði 21, Akranesi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 3. júlí. Útför fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 13. júlí klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Magnús Eðvarð Theódórsson**
**Katrín Jóna Theódórsdóttir**
**Hrönn Theódórsdóttir** — **Matthías Harðarson**
**Guðjón Theódórsson** — **Ellen Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. júlí 2018 | 27. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Vildi stærri hlut til íslenskra fjárfesta

Bankastjóri Arion banka hefði viljað að stærri skerf hefði verið úthlutað til íslenska markaðarins í útboði bankans. „Neikvæður vinkill á annars mjög vel heppnuðu útboði.“ Væntir þess að meirihluti í Valitor verði brátt settur í opið söluferli. Sala á bönkunum er vegferð sem mun taka tíu ár. » 6-8

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Hlutafé Valitors aukið um 750 milljónir

Forstjóri Valitors segir hækkunina í takt við vaxtaáform félagsins. Lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions segir að félagið hafi þurft að forða sér frá kyrrsetningu með því að hækka hlutaféð.

»4

## Látnir bera hluta kostnaðarins við forðann

Viðskiptabankarnir þurfa samkvæmt nýjum reglum að bera stærri hluta kostnaðarins við að halda úti stórum gjaldeyrisforða. Segja breytingarnar hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir bankakerfið.

»10

## Þjónustugjöld og dulbúnir skattar

„Stjórnvöld mega ekki afla almennra rekstrartekna með innheimtu þjónustugjalda,“ segir Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins.




# EBITDA Advania Data Centers sexfaldaðist

Hagnaður Advania Data Centers fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam tæpum 1,1 milljarði króna á síðasta ári og ríflega sexfaldaðist milli ára. Hagnaður eftir skatta nam 415 milljónum króna og tekjur félagsins jukust um 120 prósent, upp í 2,8 milljarða króna.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri Advania Data Centers (ADC), segir að skýra megi þennan mikla hagnaðarauka þannig að eftirspurn eftir þjónustu ADC hafi aukist hratt á undanförnum árum og auk þess hafi fyrirtækið náð meiri stærðarhagkvæmni.

„Síðustu ári höfum við fjárfest í þjónustunni og nú erum við að sjá árangurinn af því,“ segir Eyjólfur og tekur fram að áfram verði fjárfest í uppbyggingu rekstrarins. Ráðgerir félagið að verja allt að sex milljörðum króna til fjárfestinga á þessu ári, til að mynda í kaupum á tölvubúnaði og stækkun gagnavera.

Áætlanir ADC gera ráð ráð fyrir mikilli tekjuaukningu á árinu vegna nýrra viðskiptasamninga. Stór hluti teknanna kemur frá þjónustu við fyrirtæki sem vinna rafmyntir en að sögn Eyjólfs einblínir ADC nú á að þjónusta fleiri fyrirtæki sem notast við svokallað „high performance computing“.

„Á þessu ári og seinasta höfum við verið að fá til okkar verkefni sem tengjast til dæmis erlendum rannsóknastofnunum og fyrirtækjum sem þróa bílaíhluti. Þjónusta á sviði gervigreindar, sjálfvirkni og stafrænnar þjónustu mun vaxa hratt á næstu árum og við erum í kjöraðstöðu til að veita slíka þjónustu,“ segir Eyjólfur.

Yfir hundrað manns starfa í dag við rekstur og uppbyggingu gagnavera Advania Data Centers. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi en það rekur einnig starfsstöðvar í Svíþjóð, Þýskalandi, Noregi, Belgíu og Bretlandi. **– tfh**



**Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri Advania Data Centers.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is




# Auka hlutafé Valitors um 750 milljónir

**Hlutafé Valitors hf. verður aukið um 750 milljónir. Lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions segir félagið hafa þurft að forða sér frá kyrrsetningu með því að hækka hlutaféð. Forstjóri Valitors segir hækkunina í takt við áætlanir.**

Hluthafafundur Valitors hf. hefur samþykkt að hækka hlutafé greiðslukortafyrirtækisins um 750 milljónir króna. Móðurfélagið, Valitor Holding, sem er alfarið í eigu Arion banka, leggur félaginu til fjármunina. Þetta kemur fram í bréfi sem Valitor skrifaði sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu síðasta fimmtudag, daginn áður en sýslumaðurinn hafnaði kröfu Datacell og Sunshine Press Productions um kyrrsetningu á eignum kortafyrirtækisins.

Félögin tvö hafa krafið Valitor um milljarða króna í skaðabætur vegna ólögmætrar riftunar kortafyrirtækisins á greiðslugáttarsamningi fyrir Wikileaks árið 2011. Sýslumaður hefur tvívegis hafnað kyrrsetningarkröfu félaganna auk þess sem héraðsdómur hefur staðfest þá niðurstöðu.

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir í samtali við Markaðinn að hlutafjárhækkunin sé í takt við vaxtaáform félagsins. „Við erum að vaxa mikið þessi misserin og þetta er liður í að styðja við þann vöxt,“ nefnir hann.

Viðar neitar því aðspurður að hlutafjárhækkunin tengist kyrrsetningarbeiðni Datacell og Sunshine Press Productions með einum eða öðrum hætti. „Nei, skýringin er aðeins sú að við erum í mikilli uppbyggingu og þetta er hluti af því að styðja við hana.“

Í bréfi Valitors til sýslumanns, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er tekið fram að móðurfélagið hafi skuldbundið sig til þess að greiða fyrir hlutaféð innan þrjátíu daga. Í kjölfarið verði fyrirtækjaskrá tilkynnt um hlutafjárhækkunina.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions, segir aðspurður um þær upplýsingar sem fram komi hjá Viðari um hlutafjárhækkun Valitors að skýringar forstjórans á ástæðum hækkunarinnar standist ekki. Ljóst sé að félagið hafi þurft að forða sér frá kyrrsetningu með því að hækka hlutafé sitt um 750 milljónir króna. Tal um aðrar skýringar á hlutafjárhækkuninni standist ekki nánari skoðun.

„Það er á hreinu að félag sem er með 7,3 milljarða króna í eigið fé – stjórnendurnir hafa talað um mjög sterka eiginfjárstöðu félagsins – þarf ekki að öllu jöfnu á innspýtingu upp á 750 milljónir króna í formi nýs hlutafjár að halda,“ nefnir hann og bætir við:

„Í ljósi þess að afkoma félagsins hefur versnað frá því að kyrrsetningarbeiðni á hendur því var síðast tekin fyrir í mars þá vofði yfir félaginu að sýslumaður myndi nú samþykkja nýja kröfu um kyrrsetningu á eignum þess,“ segir Sveinn Andri.

Skilyrði kyrrsetningar um lögvarða kröfu hafi verið uppfyllt og því hafi fyrst og fremst verið til skoðunar hvort uppfyllt væri skilyrði um hvort efndir kröfu yrðu fyrirsjáanlega örðugri ef kyrrsetning næði ekki fram að ganga. Við það mat sé horft til fjárhagsstöðu félagsins.



**Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir hlutafjárhækkunina í samræmi við vaxtaáform félagsins. Lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions segir skýringar forstjórans ekki standast nánari skoðun.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**422**

**milljónir var tap Valitors hf. fyrir skatta á fyrsta þremur mánuðum ársins.**

### Önnur mynd blasir nú við

„Í mars taldi sýslumaður ekki tilefni til þess að samþykkja kyrrsetningarbeiðni vegna þáverandi fjárhagsstöðu félagsins,“ nefnir Sveinn Andri. „Önnur mynd blasir hins vegar við félaginu nú og því var gripið til þeirrar skyndilegu ráðstöfunar að setja 750 milljónir inn í félagið í formi nýs hlutafjár til þess að koma félaginu í jafna stöðu á við það sem það var í mars á þessu ári. Þannig að það yrði ekki ástæða fyrir sýslumann að breyta frá fyrri ákvörðun sinni,“ útskýrir hann.

Fram kom í Markaðinum í maí að tap Valitors hf. hefði numið ríflega 422 milljónum króna fyrir skatta á fyrsta fjórðungi ársins. Til samanburðar tapaði félagið um 66 milljónum á sama tímabili í fyrra.

Sem kunnugt er komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu á árinu 2013 að Valitor hefði brostið heimild til þess að loka umræddri greiðslugátt en Datacell og Sunshine Press Productions önnuðust rekstur gáttarinnar.

Deila félaganna og Valitors hefur einkum snúist um þær forsendur sem leggja eigi til grundvallar við mat á fjártjóni og þar með fjárhæð skaðabóta.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafnaði í mars kröfu félaganna um að kyrrsettar yrðu eignir Valitors fyrir ríflega 6,4 milljarða króna á þeirri forsendu að staða kortafyrirtækisins hefði ekki versnað og að lækkun eigin fjár þess væri til þess að gera lítil. Héraðsdómur staðfesti, líkt og áður sagði, þá niðurstöðu.

Sýslumaðurinn komst að sömu niðurstöðu síðasta föstudag. Í tilkynningu Valitors vegna málsins kom fram að langstærstur hluti krafna félaganna á hendur Valitor væri krafa Sunshine Press Productions en félagið hefði aldrei átt í viðskiptasambandi við Valitor. Auk þess hefðu tekjur félagsins verið hverfandi litlar.

**kristinningi@frettabladid.is**

# Hlutur í Icelandair fallið um 40 prósent

Markaðsvirði rúmlega tveggja prósenta hlutar Traðarhyrnu, sem er í eigu einkafjárfesta, í Icelandair Group hefur lækkað um 40 prósent frá kaupunum í febrúar 2017. Samkvæmt ársreikningi fjárfesti Traðarhyrna fyrir 1,7 milljarða króna í flugfélaginu og er markaðsvirði bréfanna nú um einn milljarður króna. Félagið skuldaði tæplega 250 milljónir króna við kaupin og var eiginfjárhlutfallið 86 prósent á þeim tíma. Miðað við sömu skuldsetningu er eiginfjárhlutfallið nú um 80 prósent.

Eftir afkomuviðvörun Icelandair Group við upphaf árs í fyrra féllu bréfin um 25 prósent og Kvika banki setti saman hóp fjárfesta sem fjárfesti í flugfélaginu. Hlutabréfin höfðu þá lækkað um 60 prósent frá hátindi vorið 2016 fram að miðjum febrúar. Skömmu síðar var efnt til aðalfundar Icelandair Group og Ómar Benediktsson, hluthafi í Traðarhyrnu, kjörinn varaformaður stjórnar.



**Félag Þorsteins Más Baldvinssonar er stærsti eigandi Traðarhyrnu.**

Hluthafar Traðarhyrnu eru fjórtán. Stærsti hluthafinn, með 20 prósent, er Traðarsteinn í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, og fyrrverandi eiginkonu hans. Fjórir hluthafar eiga 10,5 prósent. Um er að ræða NT í eigu fyrrnefnds Ómars, Snæból í eigu Finns Reyrs Stefánssonar og eiginkonu, Gana í eigu Tómasar Kristjánssonar, N4A í eigu Þóris Alberts Kristinssonar og Kvika banki. S9 í eigu Margrétar Ásgeirsdóttur, fyrrverandi eiginkonu Skúla Mogensen athafnamanns, á 5,6 prósent líkt og Q44 sem er í eigu fjölskyldu Magnúsar Kristinssonar. Eiríkur Ingvar Þorgeirsson augnlæknir á 4,6 prósent í eigin nafni. Þrír hluthafar eiga 3,5 prósenta hlut: Þeir eru Konkrít í eigu Þorvaldar Gissurarsonar, forstjóra ÞG Verks, og eiginkonu hans, Langhlaup í eigu Óttars Þórarinssonar, fyrrverandi hluthafa í FoodCo, og fagfjárfestasjóðurinn Mylla undir stjórn Júpíters, sjóðsstýringar Kviku. **– hvj**



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995 Hjólafesting á bíl
8.995 Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999 Álskóflur
4.895 Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku 3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W 19.999
Háþrýstidæla 1650W 9.999
6T Búkkar 605mm Par 9.999
frá 1.495 Startkaplar
4.995 Hleðslutæki 12V 6A
34.995 Verkfæraskápur á hjólum
79.995 Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af verkfæratöskum frá 795
Steðjar í miklu úrvali
7.995 1/2 Toppasett
3.995 1/4 Toppasett
Vice Multi angle 6.985
14.995 1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995 Verkfærasett 108 stk
7.985 Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið 24.995
Ruslapokar 10,20,50stk frá 395
frá 395 Ruslatínur
Hjólbörur 100kg 3.995
Skóflur frá 995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Laufahrífur frá 999
Strákústar 685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995 Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn frá 19.995
9.999 Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech 5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999 Hjólsög GMC 1200W
19.995 Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995 Metabo KS216 bútsög
14.999 SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Bankar látnir bera hluta kostnaðarins

**Bankarnir þurfa samkvæmt nýjum reglum að bera stærri hluta kostnaðarins við að halda úti stórum gjaldeyrisforða. Seðlabankinn telur áhrif reglnanna á tekjur bankanna fremur lítil. Bankarnir segja breytingarnar hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir bankakerfið.**



Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Viðskiptabankarnir þurfa að bera hluta af kostnaðinum við að halda úti hátt í 700 milljarða króna gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands samkvæmt nýjum reglum um bindiskyldu bankanna sem tóku gildi í síðasta mánuði. Bankarnir segja ljóst að reglurnar muni leiða til kostnaðarauka fyrir bankakerfið.

„Bankinn er mjög ósáttur við frekari gjaldtökur af bankakerfinu sem eru nú þegar mun meiri en í nágrannalöndum,“ segir í svari Íslandsbanka við fyrirspurn Fréttablaðsins. Landsbankinn hefur þegar lækkað innlánsvexti sína til þess að lágmarka áhrif reglnanna.

Seðlabankinn telur að áhrifin á tekjur bankanna verði á heildina litið fremur lítil en segir að árlegar vaxtatekjur þeirra geti að óbreyttu lækkað um sem nemur 0,02 prósentum af stærð efnahagsreiknings þeirra. Miðað við efnahagsreikninga bankanna í lok marsmánaðar gætu vaxtatekjur þeirra þannig lækkað um hátt í 700 milljónir króna á ári.

Viðmælendur Markaðarins innan bankakerfisins telja það mat hins vegar afar varlega áætlað. Kostnaðurinn geti hæglega orðið meiri.

Peningastefnunefnd Seðlabankans samþykkti á fundi sínum í byrjun síðasta mánaðar að breyta fyrirkomulagi bindiskyldu bankanna þannig að hún skiptist í tvo hluta: meðaltalsbindiskyldu, eins og verið hefur, og fasta bindiskyldu. Fasta bindiskyldan nemur einu prósenti af bindigrunni bankanna – en grunninn telur peningamarkaðsbréf, útgefin skuldabréf og innstæður – og ber enga vexti. Meðaltalsbindiskyldan, sem nemur einnig einu prósenti af bindigrunni, ber hins vegar áfram fjögurra prósenta vexti.

Seðlabankinn segir að markmið breytinganna, sem tóku gildi 21. júní, sé að draga úr kostnaði bankans af stórum gjaldeyrisforða – en hann nam um 27 prósentum af vergri landsframleiðslu í lok síðasta árs – á meðan jákvæður vaxtamunur gagnvart útlöndum er eins mikill og raun ber vitni.




**Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans í apríl síðastliðnum að gripið yrði til „margvíslegra aðgerða til þess að bæta afkomu bankans, þar með talið í gegnum óbeina þátttöku innlendra viðskiptabanka í kostnaði við forðann“. Rök stæðu til þess að aðrir bæru stærri hluta kostnaðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**» Markmið breytinganna er að draga úr kostnaði af stórum gjaldeyrisforða á meðan jákvæður vaxtamunur gagnvart útlöndum er eins mikill og raun ber vitni.**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri boðaði aðgerðir af þessu tagi í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans í apríl síðastliðnum en þá sagði hann að gripið yrði til „margvíslegra aðgerða til þess að bæta afkomu bankans, þar með talið í gegnum óbeina þátttöku innlendra viðskiptabanka í kostnaði við forðann“.

Már rakti að kostnaðurinn við gjaldeyrisforðann, sem félli aðallega á Seðlabankann, fælist í neikvæðum vaxtamun þar sem forðinn væri fjárfestur um þessar mundir á lágum vöxtum erlendis en samsvarandi vextir á krónuskuldum Seðlabankans væru mun hærri.

„Framreikningar sem gerðir voru á síðasta ári bentu til þess að afkoma bankans yrði af þessum sökum neikvæð um sem næmi um 18 milljörðum króna á ári,“ sagði Már en hann benti þó á að nýir útreikningar sýndu að umrætt tap hefði minnkað í 15 milljarða króna á ári, aðallega vegna minni gjaldeyrisforða og lægri vaxtamunar gagnvart útlöndum.

Seðlabankinn var með neikvætt eigið fé upp á 5,4 milljarða króna í lok aprílmánaðar, samkvæmt efnahagsreikningi bankans, en eigið féð var orðið jákvætt um 13 milljarða í lok síðasta mánaðar.

Heimildir Markaðarins herma að umræddar aðgerðir hafi komið bönkunum í opna skjöldu. Vissulega hafi seðlabankastjóri boðað breytingar í þessa veru á ársfundi bankans en fulltrúar Seðlabankans hafi hins vegar ekki rætt áformin við stjórnendur bankanna áður en tilkynnt var um þau.

**27%**

**var hlutfall gjaldeyrisforðans af vergri landsframleiðslu í lok síðasta árs.**

Arion banki segir í svari við fyrirspurn Markaðarins að aðgerðirnar séu „nokkuð sérstök ráðstöfun sem felur í sér kostnaðarauka fyrir bankann og bankakerfið í heild“. Eru breytingarnar sagðar til skoðunar innan bankans en að öðru leyti vildi bankinn ekki tjá sig um þær.

Íslandsbanki segist, eins og áður sagði, vera mjög ósáttur við frekari gjaldtökur af bankakerfinu. „Þessi breyting á bindiskyldunni gerir það að verkum að bankinn verður af 247 milljóna króna vaxtatekjum árlega,“ segir í svari bankans en það eru um 0,023 prósent af efnahagsreikningi bankans í lok marsmánaðar.

„Þetta hefur veruleg áhrif á samkeppnishæfni íslenska bankakerfisins,“ segir bankinn jafnframt.

Í stuttu svari Landsbankans segir að bankinn hafi lagt mat á áhrif umræddra breytinga og í kjölfarið hafi bankinn lækkað innlánsvexti um fimm punkta til þess að lágmarka áhrifin á rekstrarreikning sinn. Tók breytingin gildi sama dag og nýju reglurnar, eða 21. júní síðastliðinn.

Í ársfundarræðu sinni benti Már á að seðlabankar yrðu ekki gjaldþrota í hefðbundinni merkingu þótt þeir hefðu neikvætt eigið fé, enda hefðu „margir virtir seðlabankar búið við það yfir lengri eða skemmri tíma“. Ástæðan væri sú að kaupmáttur forðans væri óskertur gagnvart þeim tilgangi sem hann þjónar og seðlabankar gæfu auk þess sjálfir út gjaldmiðilinn sem þeir greiða innlendan kostnað í.

Engu að síður sagði Már það geta verið óheppilegt að Seðlabankinn yrði með verulega neikvætt eigið fé. Það gæti grafið undan sjálfstæði hans og getu til þess að ná markmiði um verðstöðugleika.




**SÍA III keypti fyrirtækið ásamt tveimur fjárfestum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gámaþjónustan er metin á þrjá milljarða króna í bókum SÍA III

Gámaþjónustan er metin á þrjá milljarða króna í bókum framtakssjóðsins SÍA III sem er í stýringu Arion banka. Sjóðurinn á 65 prósenta hlut í fyrirtækinu sem metinn er á 1,9 milljarða króna á móti Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og fjölskyldunni sem á heildsöluna Nathan & Olsen. Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri FL Group, stýrir fjárfestingum hennar og tengist henni fjölskylduböndum. Miðað við það er samanlagður hlutur þeirra metinn á um milljarð.

Sjóðurinn, sem er 13 milljarðar að stærð, hefur einnig fjárfest í fimm stjörnu hótelinu Edition sem verið er að reisa við Hörpu. Sjóðurinn er skuldbundinn til að leggja fram 16 milljónir dollara, jafnvirði 1,7 milljarða króna, til verkefnisins og hafði við árslok lagt fram 5,3 milljónir dollara. Sjóðurinn á óbeint um fjórðungshlut í hótelinu. Þetta má lesa úr ársreikningi fyrir árið 2017.

SÍA III hafði einungis nýtt um 2,3 milljarða af 13 milljarða fjárfestingarloforðum við árslok. Einungis einn einkafjárfestir hefur lagt sjóðnum til fé, það er Stormtré með 0,19 prósenta hlut. Stormtré er að mestu í eigu Hreggviðs Jónssonar, aðaleiganda Veritas Capital sem meðal annars á Vistor.

Stefnir þáði 215 milljónir króna í þóknun fyrir rekstur sjóðsins í fyrra samanborið við 102 milljónir árið áður. **– hvj**

## Innflæði erlends fjármagns dróst saman um þriðjung á fyrri árshelmingi

Innstreymi fjármagns vegna nýfjárfestingar var tæplega 30 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins og dróst saman um þriðjung frá því á síðari helmingi síðasta árs þegar það nam um 45 milljörðum króna, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands.

Útflæði fjármagns, sem áður kom inn sem nýfjárfesting, nam hátt í átta milljörðum á fyrri helmingi þessa árs.

Innstreymi í skráð hlutabréf minnkaði verulega á fyrstu sex mánuðum þessa árs borið saman við síðustu sex mánuði síðasta árs. Innstreymið nam tæpum 11 milljörðum króna á fyrri helmingi 2018 en til samanburðar var það um 33 milljarðar á seinni helmingi 2017.

Nýfjárfesting á innlendum skuldabréfamarkaði hefur verið hverfandi það sem af er ári eða aðeins um 100 milljónir króna en til samanburðar var hún um 10,9 milljarðar á síðustu sex mánuðum síðasta árs.

Fjármagnsinnflæði í ríkisskuldabréf, vegna fjárfestinga erlendra fjárfesta, stöðvaðist nær alfarið eftir að Seðlabankinn kynnti innflæðishöftin til leiks sumarið 2016. Samkvæmt þeim þarf að binda 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum í eitt ár á núll prósent vöxtum. Innflæðið jókst á ný eftir að fjármagnshöft á fólk, fyrirtæki og lífeyrissjóði voru afnumin í mars í fyrra en það hefur hins vegar verið umtalsvert minna en áður en höftunum var komið á og var hverfandi á fyrri helmingi þessa árs, eins og áður sagði.



**Innflæði í skráð hlutabréf minnkaði á fyrri helmingi ársins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Á sama tíma og innstreymi í skráð hlutabréf og ríkisskuldabréf hefur dregist saman hefur innflæði í aðra fjárfestingu aukist en það nam hátt í 18 milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins. Til samanburðar var annað fjármagnsinnflæði samtals tæplega 11 milljarðar á síðustu sex mánuðum 2017.

Fram kom í nýlegu svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns Miðflokksins, að hreint innflæði erlends fjármagns vegna skráðrar nýfjárfestingar hefði numið 79,7 milljörðum króna árið 2016 og 127,5 milljörðum króna á síðasta ári. **– kij**


Við hjálpum þér
að bæta lífsgæðin
Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur.
Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn.
Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu
heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN



Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir að vegna markaðsaðstæðna erlendis hafi komið til skoðunar að hætta við útboðið á síðustu stundu og bíða betri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sala á bönkunum mun taka tíu ár

Bankastjóri Arion banka hefði viljað að stærri skerf hefði verið úthlutað til íslenskra fjárfesta í útboði bankans. Skaðaði viðskiptasamband bankans. Á von á því að meirihluti í Valitor verði brátt settur í opið söluferli. Sala á bönkunum er vegferð sem mun taka tíu ár.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, hafnar þeirri skoðun, sem er um margt útbreidd á meðal stórra íslenskra fjárfesta, að þeir erlendu fjárfestingarsjóðir sem keyptu megnið af bréfunum sem voru seld í nýafstöðnu hlutafjárútboði, hafi ekki raunverulegan áhuga á því að taka stöðu með bankanum til lengri tíma. Hann segist hafa „góða tilfinningu“ fyrir því að mikill meirihluti þeirra tuttugu sjóða sem bættust í hluthafahópinn horfi á kaupin sem langtímafjárfestingu.

Í ítarlegu viðtali við Markaðinn, þar sem Höskuldur fer yfir aðdraganda og niðurstöðu útboðs Arion banka, sem er næststærsta skráning í sögu Kauphallarinnar hér á landi, viðurkennir hann hins vegar að bankinn hefði viljað að Kaupþing, seljandi bréfanna, hefði úthlutað stærri hlut til íslenskra fjárfesta. Ákvörðun um að gera það ekki hafi „truflað viðskiptasamband bankans eitthvað“ og sé „neikvæður vinkill á annars mjög vel heppnuðu útboði“.

Hann býst við því að tekin verði ákvörðun innan ekki langs tíma um að hefja opið söluferli á meirihluta í Valitor, verðmætasta dótturfélagi bankans, og niðurstaða þeirrar vinnu gæti mögulega legið fyrir á næsta ári. Áform stærri hóps hluthafa fyrr á árinu um að aðgreina Valitor frá samstæðunni í formi arðgreiðslu til eigenda voru dregin til baka vegna andstöðu stjórnvalda sem töldu slíka ráðstöfun fela í sér orðsporsáhættu.

Höskuldur segir aðspurður að niðurstaða hlutafjárútboðsins, þar sem um 29 prósenta hlutur var seldur á genginu 0,67 fyrir hverja krónu eigin fjár, hafi komið honum „þægilega á óvart“ enda hafi hin mikla eftirspurn verið talsvert umfram væntingar hans þó að hann hafi verið bjartsýnn á niðurstöðuna.

„Frá því að söluferlið hófst fyrir um tveimur árum höfum við átt um tvö hundruð fundi með fjárfestum í Bandaríkjunum og Evrópu og okkar tilfinning var orðin mjög jákvæð þegar við lögðum af stað í þetta ferli í maí. Mér fannst hins vegar umhverfið hérna heima ekki vera eins bjartsýnt og margir virtust hafa efasemdir um að það væri í alvöru til staðar breiður áhugi erlendra aðila á að fjárfesta í Arion banka eða íslensku efnahagsumhverfi yfirhöfuð. Niðurstaða útboðsins leiddi annað í ljós en það lá líka fyrir að það var verið að bjóða hlut í bankanum á hagstæðu verði miðað við þau viðskipti sem höfðu átt sér stað fyrr á árinu og tiltölulega lítið magn.“

Þegar Höskuldur er beðinn um að lýsa því hvernig útboðsferlið hafi gengið fyrir sig segir hann að greinendur frá átta fjárfestingarbönkum, sem voru söluráðgjafar Kaupþings og framkvæmdu greiningar á Arion banka, hafi byrjað á því að standa fyrir söluherferð þar sem þeir hittu mörg hundruð fjárfesta um allan heim.

„Út frá því,“ útskýrir hann, „verður síðan til þrengri hópur fjárfesta sem ég og Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans, hittum á þeim tveimur vikum sem sjálft útboðið stóð yfir. Við áttum þá fundi með um hundrað fjárfestum, mest erlendum, og við fundum strax fyrir miklum áhuga sem stigmagnaðist dag frá degi.“

## Aldrei meiri þekking á Íslandi

Höskuldur segir að það hafi ávallt verið sýn stjórnenda bankans að hann yrði skráður á markað hér heima og erlendis.

„Þegar nýir stjórnendur koma að Kaupþingi í ársbyrjun 2016 hlustuðu þeir á þessa sýn okkar en vildu engu að síður sannreyna hlutina sjálfir áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Um mitt árið 2016 stöndum við síðan að fyrstu kynningunum vegna mögulegrar sölu á hlutafé í bankanum, þar sem við hittum um þrjátíu fjárfesta, og eftir það verður til þessi sameiginlega sýn okkar og eiganda bankans um að slík skráning á markað væri gerleg. Þá hefst vinna við að undirbúa bankann fyrir skráningu, hvar sé best að fara með hann á markað og í hvaða skrefum.

Það gleymist stundum að við höfum ekki aðeins verið að selja bankann heldur ekki síður Ísland. Fyrstu fundirnir fóru því að mestu í að útskýra landið. Þá nutum við þess, sem hefur verið vanmetið að mínu viti, hvað meðvitund alls konar erlendra fjárfesta um Ísland hefur aukist stórkostlega eftir efnahagshrunið. Þetta er hins vegar áhugi af allt öðrum toga en var fyrir 2008 þegar samskiptin voru í gegnum örfáa erlenda fjárfestingarbanka. Það sem gerðist, þegar ýmsir alþjóðlegir bankar, fjárfestar og sjóðir lenda í erfiðleikum með eignir sínar hér á landi eftir bankahrunið, var að þá brugðust þeir við með því að senda margt af sínu besta fólki til að greiða úr hlutunum. Það sem við í bankanum höfum upplifað svo lengi er að stór hópur fjárfesta hefur við þá vinnu öðlast meiri þekkingu á íslensku efnahagsumhverfi en nokkurn tíma áður. Það er sumpart grunnurinn að því hvað útboðið á Arion banka tókst vel.“

Aðspurður hvort hann telji að söluferlið eigi eftir að koma íslenskum stjórnvöldum að gagni þegar hafist verður handa við selja hluti í hinum bönkunum segir Höskuldur að það eigi eftir nýtast öllum sem á eftir koma. „Það er út af fyrir sig ákvörðun fyrir marga þessa sjóði að leggja sig eftir því að vilja fylgjast með og kynnast íslensku efnahagslífi. Við höfum einnig litið svo á að þetta þurfi ekki að einskorðast við sölu ríkisins á bönkunum. Sá fjölbreytti fjárfestahópur sem við erum núna að fá að bankanum er stærri en áður hefur sést í íslensku fyrirtæki. Við bindum því vonir við að margir þessara fjárfesta kunni í framhaldi að hafa áhuga á að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum hér á landi.“

## Hefði átt að úthluta meira til íslenskra fjárfesta

Nokkurrar óánægju gætti meðal innlendra fjárfesta með þá aðferðafræði sem var beitt við skerðingar í útboði Arion banka en þeir fengu almennt aðeins á bilinu 10 til 30 prósent af þeim hlut sem þeir höfðu óskað eftir að kaupa. Mörg dæmi voru um einkafjárfesta sem fengu ekki nein bréf úthlutuð í bankanum þótt þeir hafi skráð sig fyrir háum fjárhæðum. Íslenskir fjárfestar fengu aðeins að kaupa samanlagt nærri þriðjung af þeim 29 prósenta hlut sem var seldur í útboðinu.

*Hafa þið misst viðskiptavini frá ykkur sem hafa meðal annars látið óánægju sína bitna á bankanum með því að taka út peninga úr eignastýringunni?*

„Það var auðvitað eigandinn, Kaupþing, sem réð úthlutuninni en við erum frekar vön því í útboðum hér heima að það sé gætt meira jafnræðis gagnvart fjárfestum. Þegar við stóðum frammi fyrir því að eftirspurnin reyndist margföld þá vildum við í bankanum að stærri skerf yrði úthlutað til íslenska markaðarins. En við fengum ekki meira en um þrjátíu prósenta hlut af því sem var selt. Kaupþing var búið að móta tilteknar grunnreglur við úthlutunina þar sem var einkum verið að horfa til eftirmarkaðarins og þess markmiðs að fá fjölbreyttan hóp erlendra fjárfesta að bankanum. Þessi atriði voru talin skipta miklu máli til að auka möguleika Kaupþings á að losna hratt og vel út úr eignarhaldinu síðar meir.

Það skal samt viðurkennast að þetta hefur truflað viðskiptasambönd bankans eitthvað en ég vil nú ekki segja að við höfum misst viðskiptavini frá okkur. En ég hef rætt þessi mál nokkuð við suma viðskiptavini og því miður er þetta neikvæður vinkill á annars mjög vel heppnuðu og árangursríku útboði.“

**33%**

**er hlutur Kaupþings í Arion banka í dag sem félagið stefnir á að selja á næstu 12 til 18 mánuðum.**

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 11. JÚLÍ 2018



# Sirkusgræjur í stofunni

Nick Candy flutti til Íslands frá Ástralíu og sárvantaði stað þar sem hann gæti haldið við sirkusþjálfun sinni. Hann tók þátt í að stofna Sirkus Íslands og seinna kom hann sér upp æfingaaðstöðu í stofunni hjá sér. →2

Nick Candy sirkuslistamaður kom sér upp sirkusæfingaaðstöðu heima hjá sér. MYND/ÞÓRSTEINN





Hér er brugðið á leik með uppvaskið en jafnvægislistir eru mikilvægur þáttur í sirkuslistum og ekki verra að geta æft sig meðþað sem hendi er næst.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Ég óx úr grasi í Ástralíu og var mikið í leikhúsi sem unglingur og eftir að ég lauk framhaldsskóla,“ segir Nick. „Í gegnum leikhúsið kynntist ég svo sirkuslistum, loftfimleikum, stultum, djöggli og svo framvegis.“ Nick fór svo í leiklistarskóla og starfar sem leikari í Ástralíu þegar hann er þar þó mestur hluti starfsævinnar hafi verið helgaður sirkusvinnu. „Þegar ég útskrifaðist úr leiklistarskólanum þar sem sirkuslistirnar voru auðvitað áberandi fékk ég vinnu í Japan og fór beint þangað í sex mánaða fjölþjóðlegt verkefni með fjöllistahópi. Þar var meðal annarra íslensk stúlka, Erna Tönsberg, og við urðum ástfangin. Við flökkuðum milli Íslands, Japans og Ástralíu í nokkur ár en enduðum hér og eigum nú fjögur börn.“

Þegar stóð fyrir dyrum að fara til Íslands spurði Nick alla sem hann þekkti í Ástralíu hvort þeir vissu af einhverjum sem væri með sirkus eða að gera eitthvað sirkustengt á Íslandi. „Mér fannst mikilvægt að halda við sirkusfærninni og var líka að velta fyrir mér atvinnutækifærum. En enginn þekkti neinn,“ segir hann. „Nema svo var einn sem kannaðist við götulistamann frá Nýja-Sjálandi sem hann hafði einhvers staðar heyrt að hefði flutt til Íslands. Ég fann hann svo þegar ég kom hingað og þetta var Lee Nelson sem stofnaði Sirkus Íslands. Og ég hellti mér út í það ævintýri.“

Nick og Erna keyptu gamalt einbýlishús í Árbæ af ömmu Ernu. „Þetta er gamalt timburhús sem var byggt 1970 en byggt á teikningum frá 1940,“ segir hann og bætir við að þau hafi gert ýmsar stórar breytingar. „Við færðum eldhúsið milli enda í húsinu til að auka birtuna og rifum háaloftið þar fyrir ofan út, upphaflega vegna skemmda í timbrinu sem við ætluðum að lagfæra en þegar við vorum búin að því og gatið komið í loftið sáum við hvað allt varð bjartara og rúmbetra þegar lofthæðin jókst. Og þá kom í ljós þessi fíni biti sem var alveg kjörinn til að hengja loftfimleikagræjur á. Þar æfi ég mig og krakkarnir geta leikið sér líka. Núna er ég með tvo hringi en ég hef verið með reipi, trapissu og silki hangandi í bitanum.“ Hann tekur fram að þó aðstaðan sé góð sé ekki mikið rými til að gera flóknar sirkuslistir. „Það er ekki mjög mikið pláss til hliðanna. og ég passa að láta allt hanga svo hátt að það sé utan seilingar fyrir krakkana því ég vil ekki að þau fari að sveifla sér utan í veggi og meiða sig. En ég lyfti þeim stundum upp og þau fá að hanga og sveifla sér aðeins. Ég skoða stundum heimilistímarit og blogg og þess háttar og sé að það verður æ algengara að fólk setji æfingatæki inn til sín, bæði stangir til að hífa sig upp á og svona hringi og svoleiðis.“



Hér má sjá Nick bregða á leik með á börnunum fjórum, Óskari, Finni, Snorra og Kristínu Lóu.

Æfingaaðstaðan er nýtt enn meira þessa dagana en venjulega því Sirkus Íslands frumsýnir um helgina sýninguna Áratugur af Sirkus í sirkustjaldinu Jöklu í Vatnsmýrinni. „Fyrsta sýningin hjá Sirkus Íslands var um áramótin 2008 svo við höfum verið starfandi í tíu ár,“ segir Nick. „Af þessu tilefni ákváðum við að líta yfir farinn veg og skoða öll atriðin sem við höfum gert. Svo völdum við bestu og vinsælustu atriðin, höfum pússað þau upp og endurbætt og svo eru líka glæný atriði. Nonni fimleikamaður var til dæmis í sirkusskóla á Nýja-Sjálandi í allan vetur að vinna með handstöður og hann kemur með glænýtt handstöðuatriði. Svo verður fullorðinssirkusinn Skinnsemi líka með sýningar á kvöldin.“

Sirkusinn hefur komið sér upp takti þannig að annað hvert ár er mikið um að vera en hitt árið er minna í sniðum. „Í fyrra vorum við með þrjár sýningar og tjaldið stóð vikum saman á Klambratúni svo í ár erum við rólegri. Við vildum þó alls ekki missa afmælisárið úr svo þetta var lausnin.“ Sýningar í Reykjavík hafa löngum verið á Klambratúni en nú rís tjaldið Jökla í Vatnsmýrinni. „Þar var sirkuslistahátíðin haldin 2013 og þar gerðum við okkur ljóst að Sirkus Íslands þurfti að eignast tjald. Við förum í hópfjármögnun og Jökla varð að veruleika.“ Sýningar verða bæði í Reykjavík og Akureyri. „Frumsýningin verður á föstudaginn hér í Reykjavík og svo verða sýningar laugardag og sunnudag og svo næstu helgi, föstudag, laugardag og sunnudag,“ segir Nick. „Síðan tökum við tjaldið upp og förum til Akureyrar þar sem við verðum um verslunarmannahelgina, 3. til 5. ágúst. Þetta er mjög stutt sýningartímabil svo ég vil hvetja fólk til að fylgjast með og tryggja sér miða í tíma.“

Nánari upplýsingar má finna á sirkusislands.is og Facebook Sirkus Íslands.



Bitinn í loftinu hefur borið bæði rólur, reipi og silki og nú eru það hringirnir sem fá að hanga.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is




Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




VOLVO Xc60 t8 hybrid inscription. Árgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.750.000. Rnr.116377.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Húsbílar



Til sölu Ford Rimor árg 2008. Ek: 84.258 km. Tilboðsverð kr 4.400.000. Ath skipti. (Fleiri myndir á Bland.is) Uppl í síma: 855 5231

## Varahlutir




## Bátar




## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852




## Þjónusta

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fasteignir




Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Veröndin er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -






## Honda CRF1000 Africa Twin

Nýskráð 6/2017, ekið 1.400 km, bensín, sjálfskipt, ný kubbadekk fylgja, möguleiki á allt að 75% fjármögnun.

**Verð kr. 2.490.000**




## Toyota Auris

Nýskráður 7/2013, ekinn 117 þús.km., dísel, beinskiptur, möguleiki á allt að 80% fjármögnun.

**Verð kr. 1.390.000**




## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 5/2014, ekinn 80 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, heilsársdekk, möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

**Verð kr. 3.490.000**




## Honda Jazz Trend

Nýskráður 3/2017, ekinn 19 þús.km., bensín, sjálfskiptur, bluetooth, möguleiki á allt að 90% fjármögnun.

**Verð kr. 2.290.000**

**Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá**

**Opnunartími**

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað á laugardögum í sumar

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**

Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**FOR RENT**

**TIL LEIGU 2JA HERB. ÍBÚÐ**

For rent two bedroom apartment.

Til leigu góð 2ja herb. 70 fm íbúð með yfirbyggðum svölum í Krummahólum.
Reglusemi áskilin.

**Upp. sendist á antonben@simnet.is**

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**




GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar


## Þjónusta


VANTAR ÞIG STARFSFÓLK




Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | handafl.is

**Voru næstum hættir við**

*Verðbilið í útboðinu var nokkuð lægra en búist hafði verið við. Helgast það ekki meðal annars af því að slíkt var talið nauðsynlegt, einkum í ljósi óróa á erlendum mörkuðum, ætti á annað borð að takast að fá nægjanlegan fjölda erlendra fjárfesta til að sýna útboðinu áhuga?*

„Við getum sagt að við höfum tvisvar áður verið í startholunum með að tilkynna um útboð og skráningu á bankanum sem síðan gekk ekki eftir. Það sem ég er búinn að læra er að þetta snýst oft ekki aðeins um það sem er að gerast í bankanum heldur ekki síður það sem er að gerast í kringum okkur, hvort sem það er á Ítalíu eða í Bandaríkjunum, og þegar við fórum í gang núna þá leit markaðurinn erlendis ekkert sérlega vel út. Talsverður hluti af þeim útboðum sem tilkynnt hafði verið um í Evrópu frá því í janúar hafði verið dreginn til baka vegna markaðsaðstæðna. Við veltum því þess vegna fyrir okkur, eigendurnir sérstaklega, hvort við ættum að bíða enn betri tíma. Það var hins vegar ákveðið að fara út og okkur tókst að hitta á rétta verðið þótt það megi alltaf deila um hvort það hafi verið of lágt.

Kaupþing ákveður þá strategíu að selja lítinn hlut í útboðinu. Það er yfirlýst markmið félagsins að losa um allan hlut sinn í bankanum – hann er núna um 33 prósent – og hefðu aðstæður á markaði verið hagstæðari hefði það örugglega viljað selja enn meira í þetta sinn. En það er tekin ákvörðun um að selja fremur minni hlut til að hámarka líkurnar á því að útboðið verði árangursríkt þannig að allur hluturinn seljist og að það takist að fá inn í hluthafahópinn tiltekna tegund fjárfesta sem leitast var eftir. Það er meðal annars ástæða þess hvað hefur verið lögð mikil áhersla á að rækta þann kaupendahóp sem hefur orðið til í útboðinu af því að það er talið að hann geti stutt við öflugan eftirmarkað og aukið líkur þeirra sem vilja selja sig út, fyrst og fremst Kaupþings, á að það geti gerst með góðum hætti og þá væntanlega á betri verðum.“

*Frá því að bankinn var skráður hefur verið sáralítil velta með bréf félagsins í Kauphöllinni hér heima. Eru það ekki vonbrigði eða var það fyrirsjáanlegt vegna þess hversu lítið framboð er af bréfum til sölu eins og sakir standa?*

„Ég held að við þurfum að horfa á þetta yfir lengri tíma. Það er alveg ljóst að meirihluti eftirspurnarinnar í útboðinu kom að utan og stærstur hluti þeirra valdi að kaupa bréf sem skráð eru í Svíþjóð. Ég tel að það eigi eftir að verða meira jafnræði milli kauphallanna síðar meir hvað þetta varðar en það er rétt að hafa í huga að þeir erlendu aðilar í hluthafahópnum, sem eru vanir að eiga viðskipti í gegnum íslensku kauphöllina, eru núna með söluhömlur á bréf sín í bankanum í sex mánuði.“

**Flestir sjóðirnir langtímafjárfestar**

Nöfn þeirra erlendu sjóða sem fjárfestu í Arion banka hafa enn ekki birst á hluthafalista bankans – fyrir utan sjóði í stýringu Landsdowne, Miton og Eaton Vance sem eiga samanlagt nærri sex prósenta hlut – en eignarhlutur þeirra er í dag skráður í vörslu bandarískra fjárfestingarbanka. Nærri tuttugu nýir erlendir fjárfestingarsjóðir bættust við hluthafahópinn, en í flestum tilfellum keyptu sjóðirnir hver um sig á bilinu um 0,5 til 1 prósents hlut í bankanum.

Aðspurður segist Höskuldur ekki taka undir skoðun sumra, einkum innlendra fjárfesta, sem efast stórlega um að þessi hópur erlendra sjóða hugsi fjárfestingu sína í bankanum til lengri tíma.

„Nei, ég er ekki sammála þeirri skoðun. Við getum sagt að tæplega 70 prósent þeirra erlendu sjóða sem keyptu í útboðinu megi flokka sem langtímafjárfesta á meðan um 25 prósent séu vogunarsjóðir sem kunni í sumum tilfellum að horfa til skemmri tíma. Aðrir fjárfestar voru einkaaðilar. Nú hef ég hitt,“ útskýrir Höskuldur, „mikið af þessum fjárfestum og ég hef góða tilfinningu fyrir því að drjúgur hluti þeirra sé að horfa á þessi kaup til lengri tíma.“

*Þegar litið er yfir núverandi hluthafa bankans, þar sem hlutur innlendra fjárfesta er hverfandi, er þá ekki erfitt að sjá hvaða fjárfestar eigi að leiða hluthafahóp bankans?*

„Nú er það svo að það er ólíkt á milli skráðra félaga hversu stórir einstakir hluthafar eru í þeim hópi. Ef litið er til sænska bankans Nordea, svo dæmi sé tekið, þá er þar að finna einn fjárfesti með rúmlega 20 prósenta hlut, Sampo, og hið sama á við um Danske bank þar sem A.P. Möller leiðir hluthafahópinn með sambærilegan eignarhlut. Aðrir hluthafar eiga umtalsvert minna. Þeir erlendu fjárfestar sem keyptu samanlagt nærri 30 prósenta hlut í Arion banka í fyrra eiga sumir hverjir nokkuð stóran hlut og þá verðum við að átta okkur á því að þessum eigendaumskiptum er ekki lokið.“

**Eru að fjárfesta í Íslandi**

*Lágt verð í útboðinu endurspeglaði einkum lága arðsemi af rekstri bankans síðustu misseri. Bankinn hefur sett sér það markmið að ná henni upp í 10 prósent. Hvernig hyggist þið gera það og innan hvaða tíma?*

„Arion banki er gríðarlega vel fjármagnaður með nærri 24 prósenta eiginfjárhlutfall. Það sem við höfum útskýrt gagnvart fjárfestum er að til að koma arðseminni úr rúmlega sex prósentum í tíu prósent sé forgangsatriði að minnka eigið fé bankans og greiða það út til hluthafa yfir tíma. Þar höfum við talað um fjögur til fimm ár. Þetta er hægt að gera með arðgreiðslum, kaupum á eigin bréfum og síðan breyttri samsetningu eigin fjár með útgáfu víkjandi bréfa. Sum skref er að hægt að taka tiltölulega hratt en önnur taka lengri tíma.

Í öðru lagi stefnum við að því að útlánavöxtur bankans aukist í takt við hagvöxt á Íslandi og þar erum við að einblína á innanlandsmarkaðinn. Það er eitthvað sem ég gerði ekki ráð fyrir í byrjun þessa söluferlis, að fjárfestar hafa áhuga á að dreifa áhættu sinni sjálfir á milli landa og eru því að horfa til þess að fjárfesta í íslenska markaðnum. Þeir eru síður að horfa til þess að bankinn auki umsvif sín erlendis. Það var því í sjálfu sér sölupunktur að bankinn starfar nánast einungis á íslenskum markaði.

Þá þurfum við að minnka kostnaðarhlutfall bankans, sem er núna

> **Sá fjölbreytti fjárfestahópur sem við erum núna að fá að bankanum er stærri en áður hefur sést í íslensku fyrirtæki.**

## Tekur tíu ár að selja bankana

Í ársbyrjun skipaði fjármálaráðherra starfshóp sem á að vinna hvítbók um framtíðarsýn og stefnu fyrir fjármálakerfið hér á landi en gert er ráð fyrir að niðurstaða hópsins muni liggja fyrir í september. Spurður hvaða væntingar hann hefur til þeirrar vinnu segir Höskuldur að það sé alveg ljóst að það sé ýmislegt sem eigi eftir að gera í fjármálakerfinu.

„Það sem skiptir hvað mestu máli er að það liggi fyrir skýr sýn á eignarhaldi ríkisins. Ég segi stundum þegar ég er spurður að það sé að verða ákveðin eigendaumbreyting á fjármálakerfinu. Þótt Arion banki hafi ekki verið í eigu ríkisins nema að litlum hluta þá hefur hann verið í eigu aðila sem vildu ekki endilega eiga hann og eru núna kerfisbundið að selja sig út úr bankanum. Síðan erum með ríkið, sem á Landsbankann og Íslandsbanka, sem ætlaði sér heldur aldrei að eiga þá banka til langframa.

Ég helda að þessi vegferð, að koma bönkunum í hendur fjárfesta sem vilja eiga þá til lengri tíma, muni taka tíu ár. Arion banki hefur núna tekið fyrstu skrefin í þessari vegferð og það er mikilvægt að stjórnvöld hafi markað skýra sýn um hvernig þau vilji hafa eignarhaldið áður en næstu skref verða tekin með sölu á hinum bönkunum.“




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

59 prósent en bankinn hefur sett sér það markmið að það lækki í um það bil 50 prósent, með hagræðingaraðgerðum. Á fundum með fjárfestum var mikil áhersla lögð á það að fá að vita hvað við værum að gera í stafrænni þróun. Allir eru að vinna í þessu en bara sumum bönkum er að takast að koma fram með lausnir sem hafa áhrif á tekju- og kostnaðarhliðina. Ólíkt því sem við erum vanir hér heima voru þessir erlendu fjárfestar afar vel upplýstir um hvað þetta skiptir miklu máli fyrir framtíð bankareksturs. Okkur í Arion banka hefur þannig tekist að umbylta íbúðalánakerfinu á Íslandi, með því að stytta þann tíma sem það tekur að sækja um lán úr tíu dögum í þrjár mínútur, sem um leið er að skapa nýjar tekjur og gera okkur mögulegt að draga úr kostnaði.

Þá erum við að ráðast í miklar breytingar á starfsemi útibúa bankans sem fækkar um fjögur á árinu og eru núna tuttugu talsins. Við erum ekki með sérstaka áherslu á að fækka þeim frekar en þau eru að breytast mjög mikið. Fyrir fimm árum störfuðu þannig tólf manns í hefðbundnu útibúi en í dag er sá fjöldi kominn niður í átta. Í sumum útibúum, meðal annars í Garðabæ og Hótel Sögu í Vesturbænum, verða aðeins þrír til fjórir starfsmenn samhliða því að þau fara úr því að vera í 200 til 300 fermetra húsnæði í 50 fermetra. Þarna skapast mikil tækifæri við að minnka rekstrarkostnað en að sama skapi viðhalda og jafnvel auka þjónustu bankans með nýrri nálgun.“

**Ójafn leikur**

Eitt af því sem bankarnir hafa kvartað mjög undan um langt skeið eru hinir sértæku skattar, einkum hinn svonefndi bankaskattur sem leggst á skuldir fjármálastofnana, sem hafa valdið því að arðsemin er talsvert minni en ella. Höskuldur svarar því til að væri ekki fyrir bankaskattinn væri arðsemin um 1,5 til 2 prósentustigum hærri. „Keppinautar bankans á markaði, svo sem erlendir bankar og lífeyrissjóðir, sæta engri sambærilegri álagningu á sína fjármögnun og því er leikurinn ójafn. Þetta var eitt af því neikvæðasta við rekstrarumhverfi bankans að mati fjárfesta og þeir töldu að þarna væri gríðarlegur markaðsbrestur og mismunun gagnvart ólíkum sparnaðarleiðum fjárfesta og almennings. Það væri vitlaust gefið og menn höfðu ekki mikla tiltrú, eins og er ásetningur stjórnvalda, á að það verði staðið við fyrirheit um að lækka skattinn.“

*En segjum að bankaskatturinn yrði afnuminn um næstu áramót. Getur þú fullyrt að það myndi skila sér nánast að fullu til baka í bættum lánskjörum fyrirtækja og heimila?*

„Við höfum hingað til ekki velt þessu nema að litlu leyti út í verðlagið þar sem bankaskatturinn átti að vera skammtímaúrræði til að fjármagna leiðréttingaraðgerðir ríkisins sem nú er lokið. Því er það ekki svo að ef skatturinn færi þá myndi það skila sér að fullu í lægri vöxtum en slík ráðstöfun yrði til þess að styðja við okkar viðleitni til að geta boðið heimilum og fyrirtækjum hagstæðari kjör. Það er augljóst að þarna er ríkið, sem á tvo af þessum þremur bönkum, að skjóta sig í fótinn.“

**Ef ríkið hefur af þessu áhyggjur þá má segja að það eitt og sér skapi orðsporsáhættu.**

**Ríkið stoppaði arðgreiðsluáform**

*Eitt af því sem kom til skoðunar í aðdraganda útboðsins var að aðskilja Valitor, verðmætasta dótturfélag bankans, frá samstæðunni með því að greiða verulegan hluta í félaginu út í formi arðgreiðslu til hluthafa. Hefði slík ráðstöfun ekki hjálpað í útboðinu með því að bæta kennitölur bankans?*

„Það er tvennt sem þarf að huga að í þessu samhengi. Fyrst ber að nefna að við höfum að undanförnu verið að sjá gríðarlega dýnamík erlendis í tengslum við kaup og sölur á félögum eins og Valitor. Verðlagning á slíkum fyrirtækjum hefur verið mjög há sem helgast einkum af því að fjárfestar sjá mikil tækifæri í þeim breytingum sem eru að verða í greiðslumiðlun. Þá eru mörg þessara fyrirtækja, ef þau eru með góðar lausnir eða markaðssetningu, að stækka ört og fjárfestar eru því að kaupa þann vöxt. En vegna þess að Valitor er inni í bankasamstæðunni höfðu eigendur bankans áhyggjur af því að það myndi ekki fást rétt verðlagning á félaginu í útboðinu enda eru miklu hærri margfaldarar á fyrirtækjum í greiðslumiðlun en í bankastarfsemi.

Hinn drifkrafturinn er að Valitor hefur verið að vaxa mjög hratt erlendis á síðustu árum. Þeirri sókn hefur fylgt mikill kostnaður, sem væntingar eru um að muni skila sér í auknum tekjum síðar meir, sem hefur haft neikvæð áhrif á kostnaðarhlutfall samstæðunnar. Það eru fimm ár síðan það var ákveðið að fara í þennan alþjóðlega vöxt og þá sögðum við að ef það gengi vel þá kæmi að þeim tímapunkti að bankinn væri ekki heppilegasti eigandinn að félaginu. Hann getur stutt fjárhagslega við Valitor en bankinn hefur lítið annað fram að færa. Við fórum vel yfir þetta með fjárfestum en sú aðgreining sem var til skoðunar í aðdraganda útboðsins var lögð á hilluna af því að það reyndist ekki vera samstaða um að fara þá leið.“

*Réð ekki andstaða stjórnvalda, meðal annars Bankasýslunnar og FME, þar mestu um?*

„Jú, ég held að það sé óhætt að segja það. Það var lögð mikil áhersla á að það yrði að vera breið samstaða um þessa ráðstöfun. Ríkið lagðist hins vegar gegn þessu þar sem það taldi að þetta hefði í för með sér orðsporsáhættu. Stjórnin ákvað því að fara ekki fram með þessa tillögu.“



„Meðan ég hef stuðning eigenda og stjórnar hyggst ég halda áfram að byggja upp góðan banka.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**Sala á Valitor í vændum**

*Hafðir þú skilning á þeirri afstöðu stjórnvalda? Eða fannst þér hún stafa af misskilningi?*

„Ef ríkið hefur af þessu áhyggjur þá má segja að það eitt og sér skapi orðsporsáhættu. Stjórnin lagði sem fyrr segir á það mikla áherslu að það yrði að vera samstaða um þetta mál sem ekki reyndist síðan vera. Það var stærri hópur hluthafa sem hefði viljað styðja framgöngu þessa máls en þegar það kom á daginn að það var andstaða við að fara þessa leið þá var það einnig þeirra afstaða að láta ekki á það reyna.

Það sem við höfum kynnt núna er að í gangi er strategísk skoðun á því hvernig best sé að haga eignarhaldi Valitor. Þar kemur þrennt til greina. Bankinn haldi áfram að styðja við Valitor en samkvæmt núgildandi viðskiptaáætlun er gert ráð fyrir því að félagið fari að skila verulega til bankans innan fárra ára. Í öðru lagi að félagið verði aðgreint frá samstæðunni í formi arðgreiðslu til hluthafa, sem er ólíklegt sökum flækjustigs eftir skráningu. Og í þriðja lagi að selja fyrirtækið að hluta eða í heild, til þriðja aðila. Þá værum við væntanlega að horfa til þess að selja meirihluta í félaginu þar sem fengnir væru fjárfestar sem myndu leiða alþjóðlegan vöxt og viðgang Valitors. Bankinn kynni þó að hafa áhuga á því að halda eftir hlut í félaginu og þannig geta fengið hlutdeild í mögulegri virðisaukningu þess í framtíðinni, en bankinn hefur mikla trú á félaginu.“

**Mér fannst umhverfið hérna heima ekki vera eins bjartsýnt og margir virtust hafa efasemdir um að það væri í alvöru til staðar breiður áhugi erlendra fjárfesta.**

*Er þess vegna ekki líklegast að tekin verði ákvörðun um að hefja opið söluferli á meirihluta í félaginu innan tíðar, mögulega strax á þessu ári?*

„Við ætlum að ná áttum hvað þetta varðar í sumar en ég held að það muni draga til tíðinda innan næstu 12 til 18 mánaða. Það er ekki ósennilegt að niðurstaða þeirrar vinnu feli í sér ákvörðun um að selja stóran hluta í Valitor og það ætti þá að gerast innan þessa tímaramma.“

*Ef við víkjum í lokin að framtíð þinni. Með nýjum fjárfestum í hluthafahópnum, ásamt því að Kaupþing og Taconic Capital fá nú í fyrsta sinn atkvæðisrétt, eru fyrirséðar talsverðar breytingar á stjórninni. Hvernig meturðu þína stöðu í ljósi þessa?*

„Ég er búinn að stýra bankanum í átta ár ásamt góðu samstarfsfólki sem ég fékk til liðs við mig. Fara með hann frá því að vera mjög laskaður í gegnum skuldaúrvinnsluferli, byggja upp nýja innviði, nýtt stjórnkerfi, skila góðum arði og búa til viðskiptamódel og skýra aðgreiningu frá hinum bönkunum þar sem Arion banki hefur verið leiðandi í stafrænni þróun með það að markmiði að mæta breyttum þörfum okkar viðskiptavina. Núna höfum við farið í gegnum árangursríkt söluferli með skráningu á markað hérlendis og erlendis og skýrt framtíðarsýn bankans fyrir erlendum og innlendum fjárfestum.

Ég er bara fullur eftirvæntingar fyrir framhaldinu og það er margt spennandi fram undan. Á meðan ég hef stuðning eigenda og stjórnar hyggst ég halda áfram að byggja upp góðan banka. Bankinn er núna að fara að starfa í nýju umhverfi og ég er jákvæður fyrir því og við sjáum síðan bara hvað setur.“



# HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ AÐ HRAUNBÆ 102A



Á STAÐNUM



FYRIRTÆKI



VEISLUR



TAKE AWAY



HLAÐBORÐ



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

RAKANG

THAI RESTAURANT

RAKANG THAI RESTAURANT- HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
RAKANG.IS - RAKANG@RAKANG.IS

# HM Í BEINNI

Happy Hour

FRÁ 16-19

KALDUR Á KRANA

Blásteinn

MATBAR

BLÁSTEINN 110 MATBAR - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
BLASTEINN.IS - BLASTEINN@BLASTEINN.IS

## Skotsilfur

### Ólík sýn



**Margrét Ásgeirsdóttir** og fyrrverandi eiginmaður hennar, Skúli Mogensen, eru sitt hvorum megin í veðmáli um Icelandair Group. Margrét, sem fjárfest hefur í ferðaþjónustu, er á meðal hluthafa Traðarhyrnu sem á um 2 prósenta hlut í Icelandair. Skúli hefur aftur á móti veðjað stórum hluta eigna sinna á að Icelandair sé á fallanda fæti og WOW muni skjóta því ref fyrir rass. Margrét hefur meðal annars fjárfest í hostelinu í JL húsinu, Hótel Hildu og Yogafood.

### Tómas aftur í ráðuneytið



Fastlega er búist við því að stokkað verði upp í yfirstjórn fjármála- og efnahagsráðuneytisins á næstunni. Áformað er að skipta skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar í tvennt og er **Tómas Brynjólfsson**, sem hefur undanfarin þrjú ár starfað á vettvangi EFTA, sagður vera á leið heim til þess að stýra skrifstofu efnahagsmála. Tómas var um stutt skeið skrifstofustjóri yfir efnahagsmálum og fjármálamörkuðum í ráðuneytinu. Þrátt fyrir ungan aldur þykir hann hafa mikla reynslu úr stjórnkerfinu en þar hefur hann starfað allt frá árinu 2008.

### Enn einn stjórnandinn farinn



**Sylvía Kristín Ólafsdóttir**, sem var nýverið ráðin forstöðumaður nýrrar stuðningsdeildar flugrekstrar Icelandair, er enn einn stjórnandinn sem lætur af störfum hjá Landsvirkjun en sá hópur hefur farið ört stækkandi á undanförnum misserum. Að sögn kunnugra setti Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sig upp á móti stjórnarsetu Sylvíu Kristínar í Ölgerðinni og Símanum, á meðan hún starfaði hjá Landsvirkjun, og er það talið hafa haft áhrif á ákvörðun hennar um að láta af störfum hjá ríkisfyrirtækinu.

## Heitt undir bankastjóra Danske Bank



Hitnað hefur undir Thomas Borgen, bankastjóra Danske Bank, vegna nýrra upplýsinga um að bankinn hafi þvegið 8,3 milljarða dala í gegnum starfsemi sína í Eistlandi. Borgen, sem hefur stýrt bankanum síðustu fimm ár, var yfir alþjóðastarfsemi bankans, þar á meðal starfseminni í Eistlandi, á þeim tíma sem talið er að brotin hafi verið framin. Hann hefur sagst vera reiðubúinn til þess að stíga til hliðar sé það vilji stjórnar bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Dulbúnir skattar



**Unnur Elfa Hallsteinsdóttir**
verkefnastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins

Skattar og þjónustugjöld eiga það sameiginlegt að vera gjöld sem hið opinbera, ríki og sveitarfélög, innheimta. Markmiðin með þessum gjöldum eru þó ólík. Þjónustugjald er greiðsla sem þarf að greiða hinu opinbera fyrir sérgreinda þjónustu sem látin er í té og er greiðslunni ætlað að standa undir kostnaði við hana. Tökum dæmi. Þú sækir um afrit af fæðingarvottorðinu þínu hjá Þjóðskrá. Þú greiðir þjónustugjald sem á að standa undir beinum og raunverulegum kostnaði við að afhenda þér vottorðið. Sá kostnaður er breytilegur eftir þeirri þjónustu sem stofnunin veitir hverju sinni.

Skattar eru hins vegar lagðir á vegna almennrar tekjuöflunar ríkisins. Þegar skattar eru innheimtir fæst því engin sérgreind þjónusta fyrir, heldur á ríkið að nýta skatttekjur til að reka hið opinbera. Ef við höldum okkur við sama dæmi myndi ríkið þá nota skatta meðal annars til að standa undir almennum kostnaði sem hlýst af því að reka Þjóðskrá.

**Ekki alltaf lögmæt**

Það hefur færst í aukana að deilt sé um hvort tiltekin þjónustugjöld séu lögmæt og hefur sú spurning ófáum sinnum ratað til umboðsmanns Alþingis. Í álitum sínum hefur hann minnt á að skattheimta verði að byggjast á skýrri skattlagningarheimild í skilningi ákvæða stjórnarskrárinnar þar sem fjárhæð og hlutfall skattsins er ákveðið. Í tilviki þjónustugjalda nægir hins vegar einföld lagaheimild en hún verður þó að fela í sér skýra afmörkun á því hvaða kostnaðarliði megi leggja til grundvallar gjaldtökunni. Í því mati verði að miða við þann kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu sem er tilgreind. Á þeim grundvelli gefa stjórnvöld svo út gjaldskrá þar sem þjónustugjaldið er tilgreint. Stjórnvöldum er ekki heimilt að fella hvað sem er undir þá kostnaðarliði sem hægt er að leggja til grundvallar þjónustugjaldi. Um leið og gjöld mæta ekki sérgreinanlegu endurgjaldi, og eru jafnvel farin að standa undir annarri og óskyldri starfsemi stjórnvaldsins, eru þau ekki lengur þjónustugjöld. Þjónustugjöld eru ekki skattur.

Undanfarið hefur verið tilhneiging í lagasetningu til að taka með allan rekstur ákveðinnar stofnunar þegar heimildir til töku þjónustugjalda eru settar. Með slíkri lagasetningu er stjórnvöldum í raun í sjálfsvald sett á hvaða grundvelli þau innheimta þjónustugjöld og hversu há þau eru. Hér má nefna frumvarp til nýrra heildarlaga um Þjóðskrá sem Samtök atvinnulífsins gerðu nýlega athugasemdir við. Þar er sett fram lagaheimild sem heimilar stofnuninni að leggja til grundvallar þjónustugjöldum kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, framleiðslu, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds og útlagðs kostnaðar.

Er eðlilegt að aðili sem fær afrit af vottorði hjá Þjóðskrá greiði einnig í formi þjónustugjalds fyrir þann kostnað sem hlýst af alþjóðlegri samvinnu, aðkeyptri sérfræðiþjónustu og akstri? Þjónustugjöld geta vissulega verið sanngjörn og eðlileg. Það er jú sanngjarnara að sá sem veldur kostnaði greiði fyrir hann heldur en hinn almenni skattgreiðandi. En þarna er dæmi um það þegar er farið langt út fyrir það sem er eðlilegt og heimilt.

**Brotið gegn stjórnarskrá**

Lagaheimild sem þessi er of víðtæk. Samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar verða skattar að vera lagðir á með lögum. Stjórnvöldum er ekki heimilt að leggja þá á. Þótt stjórnvöld hafi lagaheimild til töku þjónustugjalda eru þeim settar skorður um hvernig standa megi að því. Þau geta ekki ákveðið að fjármagna starfsemi hins opinbera alfarið með innheimtu þjónustugjalda. Víðtækar lagaheimildir, eins og þessar, eru þegar betur er að gáð í raun skattlagningarheimild faldar í búningi þjónustugjalda. Þær geta því brotið gegn áðurnefndum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Samtök atvinnulífsins hafa varað við þessari þróun og hvetja stjórnvöld til að vanda vel til verka þegar gjöld eru innheimt. Meginreglan í íslenskri stjórnsýslu er að þjónustugjöld eiga að vera í beinum tengslum við þann kostnað sem hlýst af umræddri þjónustu og ákvörðun fjárhæðar verður að byggjast á traustum útreikningi. Stjórnvöld mega ekki afla almennra rekstrartekna með innheimtu þjónustugjalda. Of víðtækar lagaheimildir sem þessar munu einungis bitna á landsmönnum sem nú þegar greiða eina hæstu skatta meðal þróaðra ríkja.

# Frjáls viðskipti í Vesturálmunni



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Ég man að mér fannst hann ansi lítilfjörlegur, salurinn í Hvíta húsinu sem við sjáum svo oft í sjónvarpinu. Reyndar var þetta sviðsmynd í kvikmyndaveri en ekki heimavöllur Sarah Huckabee Sanders, fjölmiðlafulltrúa forseta Bandaríkjanna, en hann átti víst að vera nær nákvæm eftirlíking.

Þegar ég átti leið hjá sat Josiah Bartlet í forsetastólnum. Ekki dugði minni leikari en Martin Sheen til að leika þennan merkilega mann í þáttunum um Vesturálmuna og til að auka vigt hans og hæfni í forsetastólnum ákvað höfundurinn Aaron Sorkin að forsetinn skyldi vera Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði.

Núverandi forseti fengi slík verðlaun seint. Nú er allt kapp lagt á tollastríð við vinaþjóðir og að verja innlend störf og innlenda framleiðslu. Efast er um ávinning af frjálsum viðskiptum og svokallaður viðskiptahalli við einstaka lönd er talinn merki um ósanngirni sem þarf að leiðrétta.

Forsetinn hefði gott af því að kynna sér málflutning Bartlets þegar frjáls milliríkjaviðskipti bar á góma í þáttunum. Hann nefndi þá skapandi eyðileggingu sem

**Nú er allt kapp lagt á tollastríð við vinaþjóðir og að verja innlend störf og innlenda framleiðslu.**

Schumpeter vísar í og sagði allar efnahagslegar framfarir sem einhverju skipta hafa slíkt í för með sér. Slíkar framfarir séu óstöðvandi rétt eins og tæknin og það sé tilgangslaust að berjast gegn þeim. En Bartlet er ekki forseti og tilfinningar virðast ráða meiru en hagfræði þessa dagana.

Við skulum vona að fljótlega verði horfið af þessari braut því við töpum öll á henni. Á meðan við fussum og sveium yfir verndartollum og viðskiptastríðum nágranna okkar, gæti það verið tilefni til að við lítum okkur nær, sýnum gott fordæmi og opnum okkur enn frekar fyrir alþjóðlegum viðskiptum?






# AF HVERJU AÐ FLÆKJA HLUTINA?

MEÐ GUIDELINE VERÐUR LAXVEIÐIN BÆÐI EINFÖLD OG ÁHRIFARÍK

**Elevate** línan frá Guideline er lína af stöngum í milliverðflokki.
Léttar og nákvæmar með frábæra hraðaleiðréttingu.
Tvíhendurnar í línunni eru miðlungshraðar og er virknin innblásin frá nokkum af vinsælli stöngum sem Guideline hefur framleitt.

**LPXe** er táknrænasta sería Guideline, og hefur verið með þeim allt frá upphafi.
Algerlega endurhannaðar 2017, eru skarpar, léttar, hraðar með hefðbundinni 3/4 djúphleðslu.
Vel ballanseraðar og eru með hrátt, leyndardómsfullt útlit sem vekur hrifningu í hverju smáatriði.

**NT8** er nýjasta flaggskip Guideline, framleidd með nýjustu Nano-Tube styrkingartækni.
Mjög léttar, gríðarlega sterkar, miðlungs hraðar með ótrúlegri hraðaleiðréttingu.
Tvíhendurnar í línunni eru sex hluta og koma með super grade Portúgölskum korki í hæsta gæðaflokki í handfangi.

FAVO

Öll pakkatilboðin innihalda hin nýju FAVO fluguhjól, en innblástur þeirra kemur frá Fario og Vosso hjólum Guideline.
Bremsan er mjúk, nákvæm, og hefur sannað sig yfir árin.




GUIDELINE NT8
## PAKKATILBOÐ
**KR 132.950,-**

- NT8 tvíhenda
  - 12.9' #7/8, #8/9
    13.9' #9/10
- GUIDELINE FAVO fluguhjól
- Compact Multi-tip línukerfi
- Compline II running lína
- Hágæða dacron undirlína

GUIDELINE LPXe
## PAKKATILBOÐ
**KR 93.950,-**

- LPXe tvíhenda
  - 12' #8/9
    13' #8/9
- GUIDELINE FAVO fluguhjól
- Compact Multi-tip línukerfi
- Compline II running lína
- Hágæða dacron undirlína

GUIDELINE LPXe Switch
## PAKKATILBOÐ
**KR 89.950,-**

- LPXe switch stöng
  - 11' #6/7, #7/8, #8/9
- GUIDELINE FAVO fluguhjól
- Compact Multi-tip línukerfi
- Compline II running lína
- Hágæða dacron undirlína

GUIDELINE ELEVATE
## PAKKATILBOÐ
**KR 78.950,-**

- Elevate tvíhenda
  - 12' #7/8
    12.6' #8/9
- GUIDELINE FAVO fluguhjól
- RM Float Evolve skothaus
- Compline II running lína
- Hágæða dacron undirlína

## GUIDELINE LAXÁ
TILBÚINN TVÍHENDUPAKKI

- 12.6' #8/9, 13.7' #9/10
- FAVO fluguhjól
- Multi-tip lína
- Sökkendi S3
- Hólkur

VERÐ FRÁ
**KR 49.850,-**




## GUIDELINE LAXÁ
TILBÚINN SWITCH PAKKI

- 11' #7/8
- FAVO fluguhjól
- Multi-tip lína
- Flotendi
- Hólkur

VERÐ
**KR 43.850,-**



## FLUGUBARINN
er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
LAXAFLUGUR FRÁ 300 KR STK!





ALFA

20% AFSLÁTTUR VIÐ UPPFÆRSLU

Uppfærðu pakkann með Alfa Infinity fluguhjóli - frábær tvíhenduhjól sem eru sambland af miklu augnayndi og miklum krafti.
**Hjól sem hentar fyrir allar ýtrustu aðstæður.**

TAUMAEFNI
**Flott úrval - Frábært verð**
Fulling Mill, Wychwood, Maxima, UMPQUA




VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. júlí 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Hagnaður World Class dróst saman um þriðjung



Hagnaður Lauga ehf., sem rekur líkamsræktarstöðvar World Class, nam 193 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman um 32 prósent frá fyrra ári þegar hann var 282 milljónir, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu ríflega 2,9 milljörðum króna í fyrra og jukust um 22 prósent frá árinu 2016 þegar þær voru tæplega 2,4 milljarðar. Rekstrargjöldin voru 2,6 milljarðar á síðasta ári borið saman við 1,9 milljarða króna á árinu 2016. Þar af hækkaði launakostnaður um 18 prósent á milli ára en hann nam liðlega 1,1 milljarði króna í fyrra. Starfsmenn samstæðunnar voru að meðaltali 109 talsins á árinu.

Samstæðan átti eignir upp á 3,9 milljarða króna í lok síðasta árs og var eigið fé hennar um 703 milljónir króna á sama tíma. Skuldirnar voru 3,2 milljarðar króna og þar af 2,4 milljarða skammtímaskuldir.

Stjórn Lauga ákvað að úthluta engum arði vegna síðasta árs. Hjónin Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir eru stærstu hluthafar félagsins með 36,6 prósenta hlut hvort en Sigurður Júlíus Leifsson á 26,8 prósenta hlut. – **kij**

**08.07.2018**

**Sú staða sem við erum að horfa upp á núna er okkur talsverð vonbrigði.**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Mannleg mistök?

**Hlutabréf** í Icelandair komu eilítið til baka í gær eftir snarpa lækkun á mánudag í kjölfar afkomuviðvörunar félagsins. Bréfin lækkuðu þá um réttan fjórðung á einum viðskiptadegi.

**Og skyldi** engan undra. Afkomuviðvörun Icelandair var einstök að því leyti að ekki var um einangraðar ástæður fyrir slælegu gengi að ræða eins og oft er. Hjá Icelandair var ekki um að ræða komu keppinautar inn á markaðinn, ófyrirséðar verðhækkanir hjá birgjum, náttúruhamfarir eða skyndilegar breytingar á neysluvenjum.

**Nei,** hjá Icelandair virðist meira og minna allt hafa farið úrskeiðis sem úrskeiðis gat farið. Flugáætlun félagsins hafi raskast, tafir hafi orðið á afhendingu nýrra véla og veðurfarið hafi ekki orðið til að hjálpa til. Þá hafi spár félagsins um hækkandi meðalverð ekki gengið eftir auk þess sem olíuverð hafi hækkað um 50% á skömmum tíma.

**Ekki má** heldur gleyma hiksti í ferðamannastraumnum til Íslands, aukinni samkeppni yfir Atlantshafið og þeirri staðreynd að bókanir á nýjum áfangastöðum hafi farið hægar af stað en gert var ráð fyrir.

**Listinn er,** með öðrum orðum, langur.

**Í viðvöruninni** kom fram að EBIDTA-spá félagsins fyrir líðandi ár lækkaði úr 170 til 190 milljónum Bandaríkjadala í 120 til 140. Lækkunin nemur því þriðjungi og varla óeðlilegt að skörp leiðrétting hafi átt sér stað í kjölfarið. Fjárfestar í Icelandair eru þó ýmsu vanir enda hafa bréfin lækkað um 75% á síðustu tveimur árum.

**Icelandair** er stórt félag á íslenskan mælikvarða og stundum svifaseint eftir því. Svo virðist sem stjórnendur félagsins hafi misst sjónar á boltanum undanfarin ár. Rekstur hótela og veitingastaða hefur gengið brösuglega og er nú til sölu.

**Það** hversu farið var um víðan völl í afkomuviðvörunni er sömuleiðis ekki traustvekjandi. Gefur ekki augaleið að áætlanir stjórnenda hafi einfaldlega verið óraunhæfar og aldrei líklegar til að standast? Það eru einfaldlega mannleg mistök – sama hversu margir utanaðkomandi þættir eru tíndir til.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is









# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

**Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12**

**Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon**

### Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ.  Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



### Helgartónleikar

**með alþjóðlegum konsertorganistum**

**Weekend concerts**

**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm with international concert organists**



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

**Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12**

**Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon**

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is

Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is

Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK

Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK

Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849

Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815

LISTVINAFELAG.IS  SCHOLACANTORUM.IS

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Höldur Europcar · Hotel Holt · Apotek

# Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðlæg átt en sunnan 13-18 m/s á norðanverðu Snæfellsnesi um tíma í morgunsárið. Dálítil rigning eða súld sunnan- og vestanlands en víða bjartviðri um landið norðaustanvert. Hiti 10 til 20 stiga, hlýjast á Austurlandi.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 14° |
| ↗ 2 | ↗ 11 | ↗ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 10° | 7° |
| ↗ 2 | ↖ 3 | ↑ 8 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 13° |
| ↖ 9 | ↑ 9 | ↑ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 18° | 9° | 8° |
| ↗ 6 | ← 5 | ↑ 13 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. lögunar
5. ái
6. tveir eins
8. radar
10. ónefndur
11. sönghús
12. rusl
13. kofi
15. tindur
17. læða

**LÓÐRÉTT**
1. reiðir af
2. niður
3. bók
4. daufur
7. avókadó
9. lotu
12. drekka
14. eldsneyti
16. kringum

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. forms, 5. afi, 6. ll, 8. ratsjá, 10. nn, 11. kór, 12. sorp, 13. skúr, 15. toppur, 17. lauma.
LÓÐRÉTT: 1. farnast, 2. ofan, 3. rit, 4. sljór, 7. lárpera, 9. skorpu, 12. súpa, 14. kol, 16. um.

## Skák Gunnar Björnsson

Berebora átti leik gegn Somogyi í Ungverjalandi árið 1985.

**Hvítur á leik**

**1. Hg4!! Dxf5 2. Hxg7+ Kh8 3. Hxf7+! Kg8 4. Hg7+ Kh8 5. Hg6+! 1-0.** Sannkölluð svikamylla.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
júlí/ágúst '18
Falin perla í Reykjavík
Innlit á heimili sem er sveit í borg.
„Þegar upp er staðið stendur þú einn"
Mæðgurnar Hanna María, Katla og Saga Sig um mæðgnasambandið, kvennabaráttu og femínisma.
Látum okkur DREYMA
um sumar og sól
Íslenskt tískutímarit

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



„Þessi bók er mjög ólík fyrri bókum mínum,“ segir Hjörtur um Meistarana sem hann tileinkar föður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Saga um karlmennskuheim

**Hjörtur Magnússon er höfundur skáldsögunnar Meistararnir. Hann styðst að hluta til við raunverulega atburði í sögu sinni.**

Meistararnir er ný skáldsaga eftir Hjört Marteinsson. Þar segir frá hinum tíu ára gamla Rósant sem árið 1972 fer með afa sínum á Evrópumót öldunga í frjálsum íþróttum í Finnlandi.

Ein af aukapersónum bókarinnar er kringlukastarinn Rikki brúskur sem á sér raunverulega fyrirmynd. „Árið 1972 kom til Íslands hinn ágæti sænski kringlukastari Ricky Bruch, sem ég kalla Rikka brúsk í bókinni. Hann tók þátt í móti á Laugardalsvellinum. Pabbi sem hafði löngum starfað sem kastdómari á frjálsíþróttamótum af miklum og fórnfúsum vilja var þar yfirdómari. Þarna kastaði Ricky í góðum vindi og setti heimsmet sem stóð þó ekki nema í nokkrar sekúndur. Hann steig yfir hringinn og það sá gamli maðurinn og dæmdi kastið ógilt og þar með fauk heimsmetið,“ segir Hjörtur.

„Ricky var skemmtileg týpa og lék í nokkrum kvikmyndum. Þegar hann dó árið 2011 var hann búinn að fara gríðarlega illa með sig á steraáti. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á honum sem einstaklingi og þolanda í lífinu. Ég hafði stundum verið að hugsa um að skrifa um hann, en um leið langaði mig til að minnast föður míns. Á efri árum fór pabbi að taka þátt í öldungakeppni í kringlu- og sleggjukasti. Hann sagði mér frá heimi þessara öldunga og ég hafði óskaplega gaman af þeim sögum. Þar var margt í finnskum anda, dálítið stórkarlalegt og með ofurkappi. Pabbi ól löngum með sér þann draum að fara utan að keppa á öldungamótum en aldrei varð af þeim draumi. Þannig að ég ákvað að búa til svið eins og í sögunni þar sem hann gæti hafa verið þátttakandi. Þannig má segja að mér hafi tekist að senda hann í anda á ímyndað mót í þakklætisskyni fyrir allt sem hann og mamma heitin gerðu fyrir okkur konuna mína og syni þrjá.“

**Heimur öldunga**

Hjörtur styðst því að nokkru við raunverulega atburði í þessari skáldsögu sinni. „Bókin byggir á þessu raunverulega atviki um heimsmetið sem pabbi dæmdi af þegar ég var á fimmtánda ári. Allt hitt er hrein fabúlasjón. Ég fylgdi pabba mjög oft á mót þar sem hann var að dæma í öllum veðrum. Þá sá ég keppendur af öllu tagi og hreifst mjög af. Sú upplifun ratar í söguna og síðan smíðaði ég afbrigði af þessum heimi öldunga sem pabbi hafði sagt mér frá. Drengurinn Rósant er tíu ára gamall og afi hans heitir einnig Rósant. Svo undarlega vill til að langafi minn af Ströndum hét einmitt Rósant en hann tók ekki þátt í neinum íþróttum svo ég best viti en varð að lokum hringjari í kirkjunni á Sauðárkróki.“

**Gróteskur og ýktur heimur**

Meistararnir er fimmta bók Hjartar, en meðal fyrri bóka hans eru AM 00 og Alzheimertilbrigðin. „Þessi bók er mjög ólík fyrri bókum mínum,“ segir Hjörtur. „Í AM 00 svífur talsvert meiri alvara yfir vötnum. Þessi bók er í allt öðrum anda og tón. Þetta er saga um karlmennskuheim sem er dálítið kjánalegur á köflum. Ég geri hann viljandi dálítið gróteskan og ýktan af því að kappsemi þessara manna er oft svo óskapleg. Ég sá þetta hjá pabba sem skrapp oft niður á völl þar sem var búið að slá í innanfélagsmót. Þá sveiflaði gamli maðurinn sér úr jakkanum og stóð þá á blankskónum gljápússuðum inni í kasthringnum sveiflandi sleggjunni.“

Faðir Hjartar lést fyrr á þessu ári og bókin er tileinkuð honum. „Þótt hann hafi ekki lifað það að sjá bókina koma út var ég búinn að lesa upp úr sumu fyrir hann og hann hafði gaman af,“ segir Hjörtur.

**Dýrmætasta tilfinningin**

Spurður hvort hann sé farinn að huga að öðru verki segir Hjörtur: „Ég er með hugmynd að sögu sem gerist úti í löndum. Ég hef einnig verið að dunda við eldri texta með hléum. Þar er ég kominn með handrit sem er orðið ansi langt og er að reyna að skera niður. Það hendir stundum höfunda að snúast gegn aðalpersónu sinni og þetta kom fyrir mig í þessum langhundi og nú er ég að reyna að ná fram meiri samúð og innlifun með þeirri persónu sem þar er á sviðinu enda stundum sagt að samúðin með sjálfum sér og lífinu öllu sé dýrmætasta tilfinningin.“

**BÓKIN BYGGIR Á ÞESSU RAUNVERULEGA ATVIKI UM HEIMSMETIÐ SEM PABBI DÆMDI AF ÞEGAR ÉG VAR Á FIMMTÁNDA ÁRI.**




# Rússíbanareið tilfinninga

**BÆKUR**

**Dagar höfnunar**
★★★★★

**Höfundur:** Elena Ferrante
**Þýðandi:** Halla Kjartansdóttir
**Blaðsíður:** 191
**Útgefandi:** Benedikt bókaútgáfa 2018




Napólí-fjórleikur Elenu Ferrante kom henni á kortið í hinum alþjóðlega bókmenntaheimi og kveikti áhuga á fyrri bókum höfundar. Þar á meðal Dögum höfnunar, sem Halla Kjartansdóttir íslenskar með miklum ágætum.

Aðalpersóna bókarinnar er Olga sem sér heim sinn hrynja þegar eiginmaður hennar til fimmtán ára yfirgefur hana og börn þeirra tvö fyrir yngri konu. Hún hafði fórnað draumi um rithöfundarferli fyrir hann og hélt að þau ættu sameiginlega tilveru en upplifir nú algjöra niðurlægingu.

Verkið er lýsing á tilfinningum Olgu og viðbrögðum við svikum eiginmannsins. Lengi vel er Olga hamslaus, það er líkt og hún hafi gengið af vitinu. Hún breytist í persónu sem hún kannast sjálf ekki við, lemur heimilishundinn, sýnir börnum sínum kulda og ræðst á eiginmann sinn og ástkonu hans þegar hún hittir þau fyrir tilviljun. Henni er ómögulegt að sætta sig við að maður sem hún taldi sig skilja og þekkja og vera hamingjusöm með skuli hafa gengið á dyr.

Það er mikill kraftur í frásögn Ferrante af hinni óhamingjusömu og örvæntingarfullu Olgu. Hún skilar hinum nístandi sársauka hennar svo vel lesandans að lesturinn tekur stundum á. Þar sem tilfinningar Olgu eru mjög þráhyggjukenndar og ofsakenndar þá óskar lesandinn þess jafnframt að hún átti sig og róist. Hér er rússíbanareið tilfinninga lýst á tæplega 200 blaðsíðum.

Lýsingar á sálarlífi Olgu eru magnaðar. Aðrar persónur eru nánast eins og skuggamyndir, en heimilishundurinn er hinn óvænti senuþjófur sögunnar. Það er gott dæmi um hæfileika Ferrante hversu frábærlega henni tekst að gera hundinn að þungamiðju í nokkrum frásögnum.

Ferrante er gríðarlega góður skáldsagnahöfundur. Napólí-fjórleikurinn er talinn hátindurinn á ferli hennar en Dagar höfnunar er samt hennar besta bók. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Kraftmikil og nístandi frásögn um viðbrögð eiginkonu við svikum. Besta bók Ferrante.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar – Schola cantorum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Í dag syngur kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, íslenskar og erlendar kórperlur eftir Jón Nordal, Sigvalda Kaldalóns, Byrd, Mendelssohn, Sigurð Sævarsson, Bruckner og Händel í bland við íslensk þjóðlög. Tónleikagestum er boðið í kaffi og spjall við meðlimi kórsins að tónleikunum loknum. Miðaverð kr. 2.500.

**Hvað?** Baðstofubarokk – Eyjólfur, Björk og Steinunn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Hvað ef baróninn í samnefndri heimildarskáldsögu Þórarins Eldjárn hefði tekið hús á tónelskum bónda í Borgarfirði, sest í eitt fleti baðstofunnar með selló milli fóta, bóndinn andspænis með langspil við sitt hvora hnésbótina, og þeir tekið að leika saman? Hvernig ætli slíkur samruni forneskjulegrar baðstofumenningar og þokkafullrar heimsmenningar hefði hljómað? Í tilraun til að sameina kvöldvökur baðstofanna og tónlistarflutning evrópskrar hirðmenningar velta þessari spurningu fyrir sér þau Eyjólfur Eyjólfsson, söngvari og langspilsleikari, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, barokksellóleikari og kvæðakona, og Björk Níelsdóttir, söng- og tónlistarkona. Efnisskrá hópsins samanstendur af frumsömdu efni, klassískum sönglögum og þjóðlögum, bæði íslenskum og erlendum. Allar útsetningar eru unnar af flytjendum þar sem fléttast saman hljómheimar barokksins og baðstofunnar.


Pan Thorarensen og félagar hita upp á Vínyl í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** Mambolitos á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Sumardagskrá Múlans heldur áfram og verða tónleikarnir í kvöld með hljómsveitinni Mambolitos. Efnisskrá kvöldsins samanstendur af uppáhalds latin-ópusum hljómsveitarmeðlima ásamt frumsömdum latínukvæðum en Mambolitos hafa verið starfandi í rúm tvö ár og leikið bæði á tónleikum og undir dansi. Sjóðandi mambóar og tregafull bólero munu hljóma á sumartónleikum Mambolitos eða Mambólinganna. Mambólingarnir eru Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, Daníel Helgason, Alexandra Kjeld og Kristófer Rodriquez Svönuson.

**Hvað?** Tónlistarflutningur í Akranesvita
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Akranesvita
Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

**Hvað?** Extreme Chill á Vínyl
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vínyl, Hverfisgötu
Fyrsta upphitunarkvöldið fyrir Extreme Chill Festival 2018 verður á Vínyl í kvöld.

**Hvað?** Orð og draumar / Words & Dreams
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stykkishólmskirkju
Kvartettinn Kurr og Valgerður Guðnadóttir söngkona verða með fjölbreytta dagskrá að nafni Orð og draumar. Kvartettinn, auk Valgerðar, skipa þau Helga Laufey Finnbogadóttir píanó, Erik Qvick á slagverk og Guðjón Steinar Þorláksson á kontrabassa. Lög eftir Magnús Eiríksson, Spilverk þjóðanna og Megas eru sett í glænýja búninga þar sem náttúrurödd Valgerðar fær að njóta sín.

### Viðburðir

**Hvað?** Allar gáttir opnar – List af list
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Davíðshúsi, Akureyri
Davíðshús er heimili Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi sem þar bjó til dánardags 1964. Davíð fagurkeri á fleira en orðsins list eins og húsakynnin bera með sér, fullt af bókum, listaverkum og persónulegum munum, blanda af listasafni, minjasafni og heimili. Listmálarinn og grafíklistamaðurinn Guðmundur Ármann leiðir gesti um húsið þar sem skoðuð verða verk eftir marga af meisturum íslenskrar myndlistar í upphafi 20. aldar og nokkra enn eldri. Í leiðsögninni veltir Guðmundur fyrir sér hvernig list getur af sér list.


Davíðshús á Akureyri er merkilegt safn og þar er nú hægt að fá leiðsögn með Guðmundi Ármanni listmálara og grafíklistamanni.

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíói
Improv Ísland býður upp á fjölbreyttar og ófyrirsjáanlegar grínspunasýningar í Tjarnarbíó á miðvikudögum í sumar. Hver sýning er einstök og ekkert er endurtekið. Í hverri viku er því ný og spennandi sýning á sviði. Í hópnum eru rúmlega tuttugu spunaleikarar sem skiptast á að sýna í hverri viku. Sýningarnar fara fram á ensku.

**Hvað?** Guns N' Roses Quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skúla Craft Bar
Á kvöld ætlum við að halda Guns N' Roses quiz á Skúla. Andri Freyr ætlar að vera spyrill og verða veglegir vinningar í boði. Tilboð á barnum og spilum Guns út í eitt.






**GREYZONE**
KL. 21:00

Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. **Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.**




**Frábær miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



**THE BOLD TYPE**
KL. 20:20

Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti . Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York og það þekkja vinkonurnar.

**NASHVILLE**
KL. 21:50

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**MONEY MONSTER**
KL. 22:00

Lee Gates er þekktur sjónvarpsmaður sem heldur úti sjónvarpsþætti um fjármál en dag einn draga ráðleggingar hans um verðbréf dilk á eftir sér.




**THE NEWSROOM**
KL. 21:15

Dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**


# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Lína langsokkur**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Grand Designs**
**11.05 Spurningabomban**
**11.55 The Good Doctor**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway**
**13.50 The Path**
**14.45 Heilsugengið**
**15.10 The Night Shift**
**15.55 Cats v Dogs. Which is Best?**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.05 Fréttayfirlit og veður**
**19.10 Modern Family**
**19.30 Mom** Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.55 The New Girl**
**20.20 The Bold Type** Önnur syrpa þessara frábæru þátta sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joönnu Coles hjá Cosmopolitan.
**21.05 Greyzone** Skandinavísk spennuþáttaröð af bestu gerð. Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í miðri hringiðu atburðarásarinnar. Á meðan reynir á krafta og samvinnu sænsku öryggislögreglunnar SAPO og dönsku félaga þeirra í PET en það er undir þeim komið að koma í veg fyrir áform hryðjuverkahópsins auk þess að bjarga Victoriu.
**21.50 Nashville**
**22.35 High Maintenance**
**23.05 Deception**
**23.55 NCIS**
**00.35 Lethal Weapon**
**01.20 Tsunami. The Aftermath**
**02.50 Unreal**
**03.35 Unreal**
**04.15 Love on the Run**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.20 Breiðablik - Valur**
**09.00 Pepsímörkin 2018**
**10.20 FH - Grindavík**
**12.05 Keflavík - Stjarnan**
**13.50 Pepsímörkin 2018**
**15.10 Sumarmessan 2018**
**15.50 Þór - Þróttur**
**17.30 Goals of the Season 2017/2018**
**18.25 Fyrir Ísland**
**19.05 Sumarmessan 2018**
**19.45 Valur - Rosenborg**
**22.00 Sumarmessan 2018**
**22.40 UFC Now 2018**
**23.25 Breiðablik - Valur**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**Engin dagskrá**

### STÖÐ 3

**19.10 Last Man Standing**
**19.35 The New Girl**
**20.00 Seinfeld**
**20.30 Friends**
**20.55 One Born Every Minute**
**21.45 iZombie**
**22.30 Supernatural**
**23.15 The Newsroom**
**00.05 The Hundred**
**00.50 The New Girl**
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Friends**
**02.00 Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Pingu**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Ævintýraferðin**
**08.37 Hvellur keppnisbíll**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Töfrahetjurnar**
**09.27 K3**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.50 Tindur**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.54 Pingu**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Hvellur keppnisbíll**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Töfrahetjurnar**
**13.27 K3**
**13.38 Mæja býfluga**
**13.50 Tindur**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.54 Pingu**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Hvellur keppnisbíll**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Töfrahetjurnar**
**17.27 K3**
**17.38 Mæja býfluga**
**17.50 Tindur**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Elías og Fjársjóðsleitin**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**

### GOLFSTÖÐIN

**08.30 Thornberry Creek LPGA Classic**
**11.45 Golfing World 2018**
**12.35 The Greenbrier Classic**
**17.35 Golfing World 2018**
**18.25 Countdown to the Ryder Cup 2018**
**18.50 The Greenbrier Classic**
**23.50 PGA Highlights 2018**
**00.45 PGA Special. This is Mackenzie Tour**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10 Love and Friendship**
**13.45 50 First Dates**
**15.25 Experimenter**
**17.05 Love and Friendship**
**18.40 50 First Dates** Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore. Hér er á ferð ekta Adam Sandler grínmynd sem var meðal mest sóttu bíómynda ársins 2004, bæði hérlendis sem vestanhafs.
**20.20 Experimenter**
**22.00 Money Monster**
**23.40 Kidnapping Mr. Heineken** Spennumynd frá 2015 með stórfínum leikunum. Forsagan að skipulagningu, framkvæmd, eftirmálum og að lokum endalokum mannræningja bjórmógúlsins Alfred Freddy Heineken, en greitt var hæsta lausnargjald sem nokkurn tímann hefur verið greitt fyrir einstakling, í þessu máli. Þann 9. nóvember árið 1983 var Alfred Heineken, eiganda bjórveldisins, rænt fyrir framan höfuðstöðvar fyrirtækisins í Amsterdam. Ræningjarnir voru fjórir og höfðu ásamt fimmta manninum skipulagt það í tvö ár áður en þeir létu til skarar skríða. Í myndinni er farið yfir málið frá upphafi til enda.
**01.15 For Those in Peril**
**02.50 Money Monster**

### RÚV

**16.35 Að rótum rytmans**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 HM stofan**
**17.50 Króatía - England**
**19.50 HM stofan**
**20.25 Veður**
**20.30 Fréttir**
**20.55 Íþróttir**
**21.00 Víkinglotto**
**21.10 Neyðarvaktin**
**21.55 Ingmar Bergman: Bak við grímuna**
**22.50 Þeir sem þora**
**23.55 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.20 The Late Late Show with James Corden**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Odd Mom Out**
**14.15 Royal Pains**
**15.00 Man With a Plan**
**15.25 LA to Vegas**
**15.50 Flökkulíf**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show with James Corden**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Kevin (Probably) Saves the World**
**21.00 The Resident**
**21.50 Quantico**
**22.35 Incorporated**
**23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.45 Touch**
**01.30 9-1-1**
**02.15 Instinct**
**03.05 How To Get Away With Murder**
**03.50 Zoo**
**04.40 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SUMAR LEIKUR
# FJARÐARKAUPA

## TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK OG ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA Á GLÆSILEGUM VINNINGUM!



**Þátttaka er einföld. Þú verslar í Fjarðarkaupum, fyllir út miða og setur hann í sérmerktan kassa í versluninni og ert þar með komin/n í pottinn.**

### VINNINGAR

- Borgarferð fyrir 2 til Valencia með Heimsferðum
- Gjafabréf fyrir tvo með Norðurflugi
- iPhone 8 og Apple TV 4k frá Epli
- 6 miðar á Þjóðhátíð og í Herjólf
- Gjafakort frá ÓB
- Gjafakort frá Fjarðarkaupum




Heimsferðir · Epli · HELICOPTER.IS NORÐURFLUG · ÞJÓÐHÁTÍÐ · ÓB

**Afgreiðslutímar**

| | |
|---|---|
| mánudaga - miðvikudaga | 09:00 - 18:00 |
| fimmtudaga | 09:00 - 18:30 |
| föstudaga | 09:00 - 19:00 |
| laugardaga | 10:00 - 16:00 |
| lokað sunnudaga. | |

FK
FJARÐARKAUP
EINSTÖK VERSLUN

Kjötborð okkar er rómað fyrir góða vöru og framúrskarandi þjónustu.
Við bjóðum upp á fyrsta flokks ferskt kjöt, sérvalið af fagmönnum.
Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.
**www.fjardarkaup.is**

# Eftir HM-ævintýrið

Strákarnir okkar fóru flestir í verðskuldað frí eftir að þátttöku Íslands lauk á heimsmeistaramótinu. Þar hafa þeir dundað sér við margt og mikið eins ólíkir og þeir eru. Fréttablaðið tók saman helstu stjörnur liðsins og hvað þær hafa verið að bardúsa eftir HM.




## Hannes Þór Halldórsson

Hefur verið á ferð og flugi. Samdi við Qarabaq í Aserbaídsjan og hefur verið í Danmörku að ganga frá sínum málum, kíkti þó á leik KR og Vals á Íslandi.




## Birkir Bjarnason

Lætur lítið fyrir sér fara en birti mynd af sér á hárgreiðslustofunni Scala skömmu eftir komuna til landsins. Hann lét einnig skerða hár sitt þar áður en hann fór til Rússlands.




## Gylfi Þór Sigurðsson

Fór í frí til Bahamaeyja þar sem hann naut lífsins. Bað um hönd unnustu sinnar Alexöndru Helgu Ívarsdóttur laugardaginn 7. júlí og sagði hún já.



## Stuðpinnaferð til Miami

Þeir Jóhann Berg Guðmundsson, Rúrik Gíslason, Alfreð Finnbogason, Sverrir Ingi Ingason og Aron Einar Gunnarsson voru ekki búnir að fá nóg hver af öðrum eftir HM og skelltu sér til Miami þar sem þeir nutu lífsins, meðal annars með Hollywood-stjörnunni Jamie Foxx.




## Ari Freyr Skúlason

Er í fríi þessa dagana í Tyrklandi með fjölskyldu sinni þar sem hann nýtur lífsins áður en alvaran hefst með Lokeren.




## Heimir Hallgrímsson

Landsliðsþjálfarinn sótti sér jarðtenginguna með því að dæma á Orkumótinu í Vestmannaeyjum nánast nokkrum klukkustundum eftir að hann lenti á Íslandi.




## Jón Daði Böðvarsson

Selfyssingurinn fór í ferð til New York ásamt Maríu, kærustu sinni, sem átti einmitt afmæli í ferðinni.



# Nýtt!

Smá kökur frá Myllunni
Ekkert smá góðar
-í útileguna




*Veldu smá:*
*Karamellukökur*
*Súkkulaðikökur*
*Möndlukökur*

# Fáðu þér smá kökur

**Möndlukakan frá Myllunni hefur verið fastagestur á heimilum landsmanna í langan tíma enda hefur Möndlukakan verið ein mest selda kaka Myllunnar frá upphafi.**

» Nú kynnum við með stolti nýja og betri uppskrift af smá Möndlukökum ásamt tveimur splunkunýjum tegundum, smá Karamellukökur og smá Súkkulaðikökur með súkkulaðiperlum. Fjórar flauelsmjúkar smá kökur eru saman í pakka og er smá köku fjölskyldan frá Myllunni tilvalin í ferðalagið, útileguna eða með kaffinu, strax í dag. Gerðu vel við þig og fáðu þér smá köku.

***— smá frá Myllunni bjargar deginum bragðaðu þær núna***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

myllan.is









Huginn segist hafa rúllað lögunum út og klárað plötuna á tveimur, þremur mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gefa út plötu, gera myndbönd og njóta

**Huginn** gaf út plötuna Eini strákur fyrir helgi og segir móttökurnar hafa komið sér á óvart. Hann hefur gefið út fyrsta myndbandið við smellinn Hætti ekki, þar sem KBE-strákarnir bregða sér í rokkgírinn.

Rapparinn Huginn gaf fyrir helgi út plötuna Eini strákur (Vol. 1) og hefur hún hlotið ansi góðar viðtökur. Platan er gefin út af KBE-samsteypunni sem Herra Hnetusmjör er aðalsprautan í, en Huginn er nýjasti meðlimur útgáfunnar og hún er einnig gefin út í samstarfi við stórfyrirtækið Sony Music Entertainment, sem hefur verið duglegt að dreifa íslenskri rappmúsík – til dæmis með Aroni Can og Herra Hnetusmjöri.

„Ég er ógeðslega sáttur við móttökurnar – ég náttúrulega hafði ekki gefið út í einhverja sjö mánuði áður en platan kom út, þannig að ég vissi bara ekki neitt við hverju ég ætti að búast,“ segir Huginn og hljómar alveg himinlifandi með þetta allt saman þegar blaðamaður heyrir í honum. Lagið Eini strákur ásamt Helga Sæmundi kom út í fyrra og síðan þá hefur lítið heyrst annað en að í millitíðinni var Huginn innlimaður í KBE.

*Ertu bara búinn að vera að nýta þessa sjö mánuði í að vinna að plötunni?*

„Nei, engan veginn – þegar ég gaf út síðast var ég nýkominn í KBE og við vorum ekki með neitt stúdíó þá. Ég var að vinna með pródúsernum Why Run þá og hann hætti eiginlega að gera tónlist í smá tíma, þannig að þá var ég orðinn einn. Til að ég geri mína bestu tónlist þarf mér að líða orðið þægilega með manneskjunni sem ég er að vinna með; ég á erfitt með að hitta bara einhvern og gera tónlist. Svo settum við upp stúdíó og ég fór að vinna með Þormóði. Við höfðum aðeins unnið saman áður í stúdíóinu hans sem hann var með áður og það gekk alveg ágætlega en var ekki alveg að smella. En við tókum eitt „session“ í nýja stúdíóinu og gerðum Hætti ekki og þá flaug þetta af stað og allt í einu var ég kominn með heila plötu. Við skiptum henni í tvennt – Vol. 2 kemur út seinna.“



Huginn skrifaði undir hjá Sony um daginn. Þar með bætist hann í hóp með Aroni Can og Herra Hnetusmjöri.

> TIL AÐ ÉG GERI MÍNA BESTU TÓNLIST ÞARF MÉR AÐ LÍÐA ORÐIÐ ÞÆGILEGA MEÐ MANNESKJUNNI SEM ÉG ER AÐ VINNA MEÐ.

Huginn segir ferlið hafa tekið um tvo til þrjá mánuði og því ekki um mikla vinnu að ræða enda hafi þetta einhvern veginn allt flætt út eftir að hann var kominn með fyrsta lagið.

„Fyrsta lagið sem ég gerði á plötunni var Leiðinni til þín, ég gerði það með Lárusi Erni – hann býr í LA og var á Íslandi þannig að ég heyrði í honum og við gerðum þetta lag. Eftir það fór ég á ról og við pumpuðum út lögum á stuttum tíma.“

Lárus Örn er auðvitað poppundrabarnið bakvið heilalímið Neinei sem stundar tónlistarnám í Los Angeles um þessar mundir.

Á mánudaginn kom út myndband við lagið Hætti ekki þar sem Huginn og hinir meðlimir KBE bregða sér í hlutverk rokkhljómsveitar.

„Ég samdi handritið og átti hugmyndina – ég fékk innblástur frá Erase me myndbandinu með Kid Cudi og Kanye West, þar sem þeir eru í 70's hljómsveit. Þetta átti ekki endilega að vera retró hjá okkur heldur við að rokka enn í dag. Mér fannst þetta fyndið og sniðugt og fannst þetta koma mjög fallega út. Þetta hljómaði samt ekki alveg jafn vel þegar við vorum að spila þetta „live“ þarna á hljóðfærin.“

Aðspurður hvort hann gefi upp hvenær nákvæmlega seinni hluti Eini strákur tvíleiksins komi út vill Huginn ekki svara því nákvæmlega, segist eiga eftir að brasa aðeins við lögin, taka fleiri lög upp og auðvitað leyfa Vol.1 að malla aðeins.

*Hvað er næst?*

„Ætli maður fari ekki bara að spila eitthvað, gera fleiri myndbönd og bara njóta.“ **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*



Eyfi
30
GESTASÖNGVARAR:
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
STEFÁN HILMARSSON
BJÖRN JÖRUNDUR
BERGÞÓR PÁLSSON
JÓHANNA GUÐRÚN
RICHARD SCOBIE
LEYNIGESTIR
SÉRSTAKIR GESTIR:
BÍTLAVINAFÉLAGIÐ
Í október n.k. eru liðin 30 ár síðan fyrsta sólóplata Eyjólfs „Eyfa“ Kristjánssonar „Dagar“ kom út. Af því tilefni mun Eyfi slá upp mikilli tónlistarveislu í Háskólabíói, þar sem hann ásamt gestum mun flytja rjómann af þeim lögum, sem hann hefur sent frá sér á farsælum ferli sínum. Má þar nefna Draumur um Nínu, Álfheiður Björk, Danska lagið, Ég lifi í draumi, Ástarævintýri (á Vetrarbraut), Dagar, Kannski er ástin, Breyskur maður, Góða ferð, Allt búið, Eins og vonin, einsog lífið, Gott o.m.fl.
HLJÓMSVEIT:
Jóhann Hjörleifsson – Trommur
Friðrik Sturluson – Bassi
Jón Elvar Hafsteinsson – Gítarar
Pétur Valgarð Pétursson – Gítarar
Sigurður Flosason – Sax, þverflauta og slagverk
Þórir Úlfarsson – Hljómborð og hljómsveitarstjórn
Jón Ólafsson – Hammondorgel
Eyjólfur Kristjánsson – Söngur og kassagítar
Bakraddir: Reykjavik Gospel Company
undir stjórn Óskars Einarssonar
10 manna strengjasveit
undir stjórn Roland Hartwell
GLÆSILEG ÍSLENSK
TÓNLISTARVEISLA
Í HÁSKÓLABÍÓI
LAUGARD. 13. OKT. KL. 20:00
KYNNIR: SÓLMUNDUR HÓLM
tix.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Markaðsdagur í Bolungarvík

Eitt af því sem er svo sjarmerandi við íslenska sumarið er frumkvæði fólks á landsbyggðinni að hinni margvíslegustu sumargleði þar sem íbúar jafnt sem aðkomufólk og ekki síst brottfluttir bæjarbúar eru velkomnir. Um síðustu helgi var t.d. mikið um dýrðir á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum sem ber Eyjamönnum fagurt vitni þar sem árvisst er þakkað fyrir varðveislu og uppbyggingu eftir eldgosið 1973.

Ég var svo lánsöm vegna tengsla við gott fólk í Bolungarvík að fara á Markaðsdaginn þar í bæ. Þar er áratuga hefð að raða upp gömlum frystigámum við félagsheimilið sem fylltir eru alls kyns gæðum. Þar mátti finna harðfisk, lopapeysur og ýmist handverk auk þess sem boðið var upp á taílenskan mat. Austurlensk kona bauð til sölu verk sem hún hafði málað af einstakri litagleði og hæfni auk þess sem hún sat við og málaði hvert listaverkið af öðru á bústnar kinnar íslenskra barna sem komu sveitt úr hoppuköstulum og nutu þess að eiga daginn með stórfjölskyldunni, fólki á öllum aldri og af mörgum þjóðernum. Það þurfti engan SAS (sérfræðing að sunnan) til að skapa þetta. Þarna rakst maður á gamla samferðamenn úr ýmsum áttum. Svo var ég kynnt fyrir sóknarnefndarformanni, organista og líka eiginmanni sóknarprestsins sem var viðburðastjóri hátíðarinnar, auk þess sem einn kunnur landsliðsmaður rölti um svæðið afslappaður í íslenskri lopapeysu og gallabuxum og maður hafði rétt nýlega séð hann á skjánum berjast eins og ljón við Króatana, sem eru hugsanlegir heimsmeistarar í fótbolta þegar þetta er skrifað. Þarna var fjölmenningin lifuð en ekki rædd. Ég fann þegar ég kvaddi Víkina og horfði á miðnætursólina varpa geislum á vitann við Óshlíðina hvað hinn sjálfsprottni félagsauður landsbyggðarinnar er heill og ósvikinn.








